

# LAND & SAGA

WWW.LANDOGSAGA.COM

47. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR 2024

ORKUVEITAN OG FRAMTÍÐIN  
VERKÍS Í LANDVINNINGUM  
GODDUR SKRIFAR SÖGUNA  
FORSETI ÍSLANDS Í GEORGÍU  
SÖGUSLÓÐ Á VESTURLANDI  
HIN EINSTAKA ÍSLENSKA ULL



STEFÁN JÓNSSON ÓSKAR JÓNASSON HRAFNKELL SIGURDSSON

# The Arctic Creatures Revisited

Skafffell 25  
3. maí 19. ágúst - 2023  
Opnun / Opening 5. maí, 18:00 - 18:00  
Opnir þriðjudegi - sunnudegi / Open Tuesday to Sunday  
12:00 - 18:00  
Lokað mánudag / Closed Monday

ARCTIC CREATURES  
June 10th - September 10th  
Tuesdays to Sundays  
Closed Mondays

Nordatlantens Brygge  
North Atlantic House  
Strandgade 81  
1401 København K, Denmark  
www.noratlantens.dk

SÓKNARÆTLUN  
KUNSTFUNDING

## LAND & SAGA

Orkumálin í viðum skilningi hafa löngum verið Íslendingum hugleikin enda jarðhitinn ein dýrmætasta auðlind þjóðarinnar. Seint verður ofmælt um það, hve mikið ríkidæmi felst í því að hafa slíkan aðgang að heitu vatni og landsmenn hafa vanist frá öndverðu. Heita vatnið og orkan hafa á sinn hátt mótað þjóðina í gegnum aldirnar, bæði með aðgangi að heitu vatni til lífnauðsynlegrar húshitunar á landi þar sem veður eru válynd stóran hluta ársins, en ekki síður er menningararfur þjóðarinnar mikið til bundinn sundlaugum og heitum pottum sem Íslendingar hafa sótt í, sér til heilsubóta, hressingar og iðkun samræðulistar, allt frá því Snorri Sturluson velti fyrir sér landsins gagni og nauðsynjum endur fyrir löngu þá er hetjur riðu um hérauð Íslands.

Við stöndum á þröskuldi stórra tækifæra og framfara í orkumálum, eins og kemur fram í stóru viðtali Lands & Sögu við Sævar Frey Þráinsson, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Um leið og orkuþörfin eykst þarf að huga að virkjunarkostum í sátt við land og náttúru, og þar horfir Orkuveitin til langs tíma með stórhuga áform um nýsköpun á sviði virkjana og orkuvinnslu. Íslendingar eru vel í sveit settir þegar kemur að þróun og nýsköpun í orkumálum, eins og sjá má t.d. af viðamiklu samstarfi Verkís við yfirvöld í Georgíu um hönnun vatnsaflsvirkjunarinnar í Akhalkalaki, en þangað fór íslensk viðskiptasendinefnd ásamt fráfarandi forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannessyni í mars síðastliðnum til að kanna möguleika á enn frekara samstarfi við uppbyggingu endurnýjanlegrar orku, meðal annars á sviði beinnar nýtingar jarðvarma, vatnsaflsvirkjana og fjárfestinga í loftslagslausnum. Við höfum því öll færi á hendi til að skapa aukin verðmæti og hagsæld með nýtingu orkunnar sem við eigum, um leið og við stöndum vörð um náttúruna og stigið er varlega til jarðar í umgengni við Móður Jörð.



ICELANDIC TIMES  
PUBLISHING HOUSE  
SÍÐUMÚLA 1 • REYKJAVÍK • INFO@LANDOGSAGA.IS

ÚTGEFANDI/RITSTJÓRI  
Einar Þorsteinn Þorsteinsson  
einar@landogsaga.is

SÖLU & MARKAÐSDEILD  
Úna Jóhannsdóttir  
Einar Helgason

FORSÍÐUMYND  
Hrafninnusker  
Páll Stefánsson

BLAÐAMENN  
Jón Agnar Ólason  
Hallur Hallsson  
Andrew Scott Fortune  
Helga Dis Björgúlfisdóttir  
Helga Kjartansdóttir  
Páll Stefánsson  
Jenna Gotlieb  
Svava Jónsdóttir  
Sigrún Pétursdóttir  
Svanur Gisli Þorkelsson

LJÓSMYNDARAR  
Páll Stefánsson  
Friðþjófur Helgason

HÖNNUN  
Jacqueline Sanz

HEIMASÍÐUR  
Viljálmur Lagerfeldt

NORDIC TIMES MEDIA  
Síðumúla 29 • 108 Reykjavík  
+354 578 2600  
www.landogsaga.com

STEINTUN  
RYNNIR  
Í TALAGI HIR  
VIÐGYN

# REIMT á KILI

UGGUR OG ÖRLÖG  
REYNIÐARBRÆÐRA  
MEG ÖTTR  
SIGURD INGÓLFSSON

COSMOSIS • BJARNI N. ÞÓRARINSSON • ÓMAR STEFÁNSSON  
GUDMUNDUR ÓDDUR MAGNÚSSON (GODDUR) • DIGITALLY REBORN FROM THE ORIGINAL  
KLJÓB OG RÁNG GALLERY • LANGAUGUR 83 • 100 REYKJAVÍK, ÍSLAND • 03. 08. 2020 - 25. 09. 2020

## EFNISYFIRLIT

SJÓTIU PRÓSENT ÞÁ OG NÚ.....	4	TÍMAMÓTASÝNING .....	42	KONAN Í VERKUM ÁSMUNDAR	
FORSETI ÍSLANDS Í HEIMSÓKN TIL GEORGÍU.....	6	REYKJAVÍK NÚ OG ÞÁ .....	43	SVEINSSONAR.....	68
BLÓM Á LEIÐI ÍSLANDSVINAR .....	7	VEL GERT Í ELLIÐÁRDAL .....	44	Á VERÐUR FLJÓT .....	70
VERKÍS .....	8	FRÍKIRKJUVEGURINN MEÐ SÍNUM FRÍÐUÐU .....	45	DALIR & SAGA.....	72
ORKUVEITAN HORFIR TIL FRAMTÍÐAR.....	10	BÓKHLÓÐUSTÍGURINN MEÐ SÍNA SÖGU.....	46	AUÐVITAÐ VESTFIRÐIR .....	74
JARÐHITASÝNINGIN.....	14	VÍKURKIRKJA .....	47	NÆST NYRST.....	76
ENGIN Í SKAPANDI GREINUM ERU EINS		KASTALAR Í REYKJAVÍK .....	48	MILLI TVEGGJA BJARGA .....	78
SAMFELLD VERSLUN FRÁ ÁRINU 1953.....	20	NORRÆNAR VINAPJÓÐIR .....	50	SIGLUFJÖRÐUR ER NÆST OG NÆST .....	80
INGÓLFUR OG HALLVEIG.....	22	BORG VERÐUR TIL .....	51	ALVEG ÓTELJANDI.....	82
BÚJARDIR Í REYKJAVÍK.....	24	HLJÓMAR REGNBÖGINN?.....	52	AUÐVITAÐ AUSTURLAND.....	84
BREIÐHOLT.....	26	HÚS TORFHILDAR HÓLM.....	53	HÓFSTILLT FEGURÐ .....	86
FJÓLMENNASTA & „FJÓLMENNINGASTA“		EIN & ÖNNUR KIRKJA.....	54	ER TORFAJÖKULL NÆSTUR?.....	88
HVERFI HÖFUÐBORGARINNAR .....	28	HVAR & HVENÆR?.....	56	FRÁ 1773 .....	89
FIMM MÍNÚTUR .....	30	REYKJANESII .....	58	BOBBY OKKAR FISCHER .....	90
MILLJÓN TONN.....	31	GRINDAVÍK & VONIN.....	60	ÞURÍÐUR & STOKKSEYRI .....	92
ÍSLENSKU MYNDLISTARVERÐLAUNIN .....	32	FRÁ REYKJAVÍK, AUSTUR OG VESTUR UM HAF .....	62	KONURNAR Á EYRARBAKKA .....	93
HIN EINSTAKA ÍSLENSKA ULL .....	34	HUNDRÁÐ OG FIMMTÍU METRAR AF SÖGU .....	63	BLÁTT LAND LÚPÍNUNNAR.....	94
MANNLÍF OG MENNING Í HÖRPU Í SUMAR .....	36	NÚTÍU ÁRA GÖMUL GATA .....	64	BYGGÐASAFNIÐ Í SKÓGUM.....	95
FYRIR OKKAR BESTA FÓLK.....	38	HUGSA FYRIR ÖLLU.....	66	ÆR, FÉ & MIKIÐ AF ULL.....	96
EINA BASILIKAN Í NORÐUR EVRÓPU.....	40	SJÁ LAND.....	67	SUÐURLANDIÐ HEIMSÓTT.....	98

# SJÖTÍU PRÓSENT ÞÁ OG NÚ



Reykjanesvirkjun, syðst og vestast á Reykjanesi frá árinu 2006



Hellisheiðarvirkjun, austan Reykjavíkur frá árinu 2006

Þegar við urðum sjálfstæð þjóð fyrir 80 árum, árið 1944 voru kol 70% af heildarnotkun af þeirri orku sem notað var í landinu samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Í dag eru kol rétt við núllið eða 0,01%. Í dag er jarðvarmi 70% af orkunotkun þjóðarinnar. Árið 1944 var jarðvarmi með um 15% af okkar orkunotkun. Á þessum 90 árum hefur hlutur vatnsorku aukist úr 3% í fimmtung, og olía farið úr 15% niður í tæplega tíu prósent. Þrátt fyrir aukin báta og bifreiðaflota. Um 1960 var olíunotkun um 65 % af orkunotkun í landinu, þegar hún náði hæstu hæðum. Í dag með jarðvarma og vatnsafla er um 90% af þeirri orku sem við notum, innlend græn orka. Beisluð úr jörðinni, eða með vatnsaflsvirkjunum. Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson



Svartsengi við Grindavík, en byrjað var að byggja orkuverið 1976



Búrfellsvirkjun í Þjórsá, lengstu á landsins, landamerki Árnes- og Rangárvallasýslu á Suðurlandi frá árinu 1969, myndskreytt að utan af Sigurjóni Ólafssyni



Kröfluvirkjun við Mývatn en virkjunin komst í gagnið 1977



# FORSETI ÍSLANDS Í HEIMSÓKN TIL GEORGÍU

Nú er ég kominn heim eftir opinbera heimsókn til Georgíu. Ferðin var vel heppnuð í alla staði. Með í för var Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis, orku- og loftslagsráðherra, og viðskiptasendinefnd undir forystu Nóttar Thorberg, framkvæmdastjóra Grænvangs. Gestgjafi minn, Salome Zourabichvili forseti, var höfðingi heim að sækja og sama má segja um öll önnur sem tóku á móti okkur Íslendingum í þessu fjarlæga og fallega landi. Við kynntumst sögu þess og menningu og unnum að því að efla tengsl Íslendinga og Georgíumanna, ekki síst á sviði grænnar orku.

Þar í landi eru bæði jarðvarmi og vatnsafl vannýttar auðlindir og á tvíhliða fundum okkar kom fram mikill áhugi á auknu samstarfi á milli landanna. Nú þegar hefur slíkt samstarf getið af sér vatnsaflsstöðina Akhalkalaki, en það er fyrsta fjárfesting Landsvirkjunar utan landsteinanna sem sett er í rekstur og sér hún um 30.000 georgískum heimilum fyrir rafmagni.

Milli Íslands og Georgíu liggja einnig bókmenntaþræðir sem vert er að kanna frekar. Með mér í för var Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu, og áttum við saman fund með rektor og forstöðumanni Skandináviudeildar Ríkisháskólans í Tbilisi vegna fyrirhugaðrar samvinnu um rannsóknir á tengslum forníslenskra bókmennta og miðaldarita Georgíumanna. Eitt helsta þjóðskáld þeirra, Shota Rustaveli, var samtímamaður Snorra Sturlusonar og í nokkrum fornum handritum er fjallað um Georgíu og nágrenni. Við háskólann flutti ég líka fyrirlestur um áhrif Íslands á alþjóðavettvangi og átti fund með Íslendingafélaginu í Tbilisi.

Í Tbilisi flutti ég einnig lykilerindi á alþjóðlegri ráðstefnu um öryggis- og varnarmál. Þau eru ofarlega á baugi í Georgíu, sem er umsóknarríki um aðild að Atlantshafsbandalaginu, og styðja íslensk stjórnvöld þá vegferð. Um 20% landsins eru hersetin af Rússum og fór ég vettvangsferð að stjórnsýslumörkum Suður-Ossetíu. Þar



Salome Zourabichvili, forseti Georgíu, og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.

fékk ég kynningu á stöðu mannúðarmála en Rússar hafa haft hernámlið í héraðinu allt frá innrás þeirra í Georgíu árið 2008.

Loks má geta þess að okkur gafst tækifæri til að heimsækja hina fornu hellaborg Vardzia sem grafin var inn í fjallendi í suðurhluta Georgíu á 12. öld og hýsti hundruð manna þegar Tamar drottning réð ríkjum í Georgíu. Þetta mikla mannvirki skemmdist mikið í jarðskjálftum um svipað leyti og jarðeldar geysuðu síðast á Reykjanesskaga fyrir nokkrum öldum. Sá hluti, sem hefur varðveist, er nú á heimsminjaskrá UNESCO og til vitnis um merka sögu þessa litla lands í Kákasus.

Ég hélt heim með góðar minningar og þakka Georgíumönnum fyrir gestrisnina.

(Birt með góðfúslegu leyfi forseta.)

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sótti Georgíu opinberlega heim í sl. marsmánuði ásamt föruneysi. Í ferðinni kynntust forseti og aðrir íslenskir gestir sögu Georgíu og menningu ásamt því að vinna að auknum tengslum Íslands og Georgíu, ekki síst á sviði grænnar orku.)



# BLÓM Á LEIÐI ÍSLANDSVINAR

Meðan á heimsókninni til Georgíu stóð fór Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, meðal annars að leiði Íslandsvinarins Grigol Matchavariani en hann hvílir í kirkjugarði í höfuðborginni Tíblisi.

Það vakti mikla athygli á Íslandi þegar lesendabréf birtist á síðum Morgunblaðsins haustið 1992 frá manni í fyrrum Sovétlýðveldinu Georgíu. Ekki þótti síður merkilegt að maðurinn skrifaði einkar góða íslensku og lýsti í bréfi sínu mikilli aðdáun á Íslandi, íslenski tungu, fornþekktum og fleiru.

Bréfið sendi Georgíumaðurinn að tillögu Guðna sem var þá námsmaður í Englandi. Skólasystir Guðna sagði honum um það leyti frá landa sínum, Grigol Matchavariani að nafni, sem ekki einasta hefði brennandi áhuga á Íslandi heldur talaði hann íslensku eftir að hafa lært málið upp á eigin spýtur á lestri íslenskra bóka. Guðna þótti mikið til koma.

Þannig komust á kynni milli íslenska námsmannsins í Englandi og Íslandsvinarins í Georgíu. Bréfið sem birtist í Morgunblaðinu, í lesendadálkinum Velvakandi, varð svo til þess að þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, bauð Grigol ásamt eiginkonu hans Irmu til Íslands í desember 1992.

Á daginn kom að Grigol ritaði ekki aðeins framúrskarandi góða íslensku, heldur talaði málið jafn fallega. Þar sem hann hafði lært málið af fornum ritum bar orðaforði hans þess merki og höfðu menn á orði að leitun væri að heimamanni sem talaði jafn fallega íslensku og Grigol gerði, og það með hnökralausum hætti.

Grigol Matchavariani lést í bíslysi í Georgíu vorið 1996 og varð Íslendingum mikill harmdauði enda höfðu þeir tekið ástfóstri við þennan einlæga Íslandsvin. Í kjölfarið flutti Irma, kona hans, og dóttirin Tamar til Íslands. Minningin lifir hins vegar áfram um þennan mæta Georgíumann sem unni Íslandi og íslenski tungu svo mjög. *Texti: Jón Agnar Ólason*



Guðni leggur hér blómvönd og steinvölu í fánalitunum á leiði vinar síns, og vinar Íslands, Grigol Matchavariani.



# VERKÍS: ÍSLENSK REYNSLA Á ERLENDUM VETTvangi

Sveinn Ingi Ólafsson, verkfræðingur hjá Verkís, var meðal fulltrúa í íslensku viðskipta- sendinefndinni sem hélt í marsmánuði til Georgíu. Sveinn Ingi, sem var framkvæmdastjóri Verkís frá 2008 til 2021, sinnir enn ýmsum verkefnum og þar á meðal rekstri útíbús Verkís í Tbilísi.

Markmið heimsóknar viðskiptasendinefndarinnar var að skoða möguleika á aukinni samvinnu við uppbyggingu endurnýjanlegrar orku og grænna lausna þar sem kastljósinu var einkum beint að jarðvarma, hjárfestinga í loftslagslausnum og vatnsaflsvirkjunum. Verkís hefur unnið að verkefnum í Georgíu um árabil eða frá 2008, að því er Sveinn útskýrir, og hafa þau flest tengst nýtingu vatnsafls.

„Georgía er rík af vatnsaflí enda mynda Kákasusfjöllin norðurlandamæri ríkisins. Georgía er eins og flestir vita fyrrum Sovétlýðveldi og var raunar einnig undir rússneskri stjórn fyrir daga Sovétríkjana. Aftur á móti var landið sjálfstætt um aldir og á sér langa og litríka sögu. Landsmenn eru þjóðræknir, sérstaklega gestrisnir og stoltir af sínum hefðum í matargerð og vínækti,“ bætir hann við.

Að sögn Sveins hafa verkefni Verkís í Georgíu oft verið unnin í samstarfi við Landsvirkjun Power (LVP), sem er dótturfyrirtæki Landsvirkjunar. „Í fyrstu ráðgjafarverkefnum lögðu LVP og Verkís til starfsmenn með áratuga reynslu af þróun vatnsorkuverkefna á Íslandi. Í Georgíu var mikil þörf fyrir verkfræðinga með mikla reynslu af vatnsorku vegna þess að á Sovéttímanum kom sú reynsla mest frá Rússlandi en það var ekki í boði á árunum eftir innrás Rússa í Georgíu 2008.“



Íslenska viðskiptasendinefndin ásamt forseta Íslands í Georgíu. Sveinn Ingi er annar frá hægri á myndinni.

## STEFNT Á AÐ AUKA HLUT ENDURNÝJANLEGRAR ORKU

Samstarfsaðilar Verkís í Georgíu eru aðallega fyrirtæki og sjóðir sem vilja hjárfesta í vatnsorkuverum en stjórnvöld þar í landi stefna að því að auka hlut endurnýjanlegrar orku í rafmagnsframleiðslunni en orka til rafmagnsframleiðslu kemur að mestu frá vatnsaflí og jarðgasi en í seinni tíð hafa bæst við vind- og sólarorkuver. „Fyrirkomulagið á nýtingu vatnsafls er þannig að stjórnvöld gefa út nokkurs konar rannsóknarleyfi fyrir vænlega kosti til áhugasamra aðila að undangengnu útboði. Leyfishafinn lætur gera hagkvæmniathugun og tekur síðan ákvörðun um hvort hann vill ráðast í framkvæmdir,“ útskýrir Sveinn Ingi. „Mörg verkefni Verkís í Georgíu hafa einmitt verið að forhanna virkjanir og vinna hagvæmniathugun sem oft

innfelur líka umhverfismat og jarðfræðiúttekt. Verkís hefur einnig fullhannað virkjanir og veitt verkfræðiráðgjöf á byggingartíma virkjananna. Stærsta verkefnið af því tagi var Dariali virkjunin en hún er rúmlega 100 MW, en nýjasta dæmið er Akhalkalaki sem er um 20 MW og var einmitt einn áfangastaðurinn í opinberri heimsókn forseta Íslands í mars síðastliðnum.“

## ÁSKORANIR Í NÝJU UMhverfi – AUKIN REYNSLA

Vert er að benda á í þessu sambandi að Akhalkalaki verkefnið hefur sérstöðu þar sem að LVP og Verkís tóku að sér hagkvæmniathugun fyrir hlut í fyrirtækinu sem átti verkefnið. Þegar hagkvæmniathugunin benti til þess að verkefnið myndi borga sig ákvað LVP að hjárfesta í verkefninu og á því um fimmtungshlut í virkjuninni og Verkís á enn lítinn hlut. „Ávinningurinn af því að vinna verkefni í öðrum löndum en Íslandi felst svo aðallega í því að takast á við nýjar áskoranir sem fylgja nýju umhverfi og kynnast því hvernig önnur lönd vinna að orkuöflun en hvorttveggja eykur viðsýni og reynslu.“

Sveinn Ingi bendir ennfremur á að opinber heimsókn forsetans til Georgíu hafið vakið athygli stjórnvalda þar á talsverðri reynslu Verkís og LVP af verkefnum á sviði vatnsorku í Georgíu. „Þátttakendur í ferðinni fengu upplýsingar um framtíðaráform stjórnvalda í orkumálum og hittu fjölda áhrifafólks en slík sambönd koma að gagni við áframhaldandi verkefnasókn í landinu,“ segir Sveinn.

## RÁÐGJAFaverkefni víða um HEIM, BYGGÐ Á LANGRI REYNSLA

Að sögn Sveins á Verkís dótturfyrirtæki í Noregi og á Grænlandi sem bjóða almenna verkfræðipjónustu á þeim mörkuðum með eigin starfsfólki en oft einnig í samstarfi við Verkís á Íslandi. Þá hefur félagið einnig unnið ráðgjafarverkefni vegna nýtingar jarðhita víða um heim um áratugaskeið. „Þau verkefni hafa verið af ýmsum toga og verið unnin fyrir ýmskonar aðila,“ segir Sveinn. „Þróunarbankar eins og Alþjóðabankinn kaupa oft sérfræðiráðgjöf á þessu sviði, en einnig stjórnvöld þeirra landa sem vilja nýta jarðhitann og hjárfestar sem hyggjast byggja jarðgufuvirkjanir.“

Um þessar mundir er Verkís ráðgjafi eiganda sem er að byggja 35 MW



Inntakslón virkjunarinnar séð úr lofti.



Tilkomumikið vélarúmið í vatnsaflsstöðinni í Akhalkalaki.



Vatnsaflsstöðin í Akhalkalaki séð að utan.



Forseti Íslands og Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðgjafi, skoða vatnsaflsvirkjunina í Akhalkalaki. Bæði Verkís og Landsvirkjun eiga þar hlut.

jarðgufuvirkjun í Menengai í Kenýa. Þar er Verkís svokallaður „Owners Engineer“ og rýnir alla hönnun og fylgist með framkvæmdum alverktaka sem útvegar vélbúnaðinn og byggir virkjunina. „Þarna sem annars staðar er auðvitað byggt á langri reynslu Verkís af uppbyggingu jarðhitavirkjana á Íslandi,“ segir Sveinn Ingi.

Það eru mörg stór verkefni í gangi og fram undan hjá Verkís, meðal annars eru það verkefni vegna nýframkvæmda og viðhalds á Keflavíkurflugvelli, steypuskáli

Norðuráls, Hvammsvirkjun, orkuver í Svartsengi sem er mikið til uppbyggingu og viðbætur við núverandi starfsemi, verkefni vegna orkuflutnings, hitaveitu og annara veitna, vegasamgöngur, o.m.fl. „Erlendis er áframhald af verkefnum sem tengjast endurnýjanlegri orku og orkuskiptum,“ bendir Sveinn á. „Má þar nefna Gamma sem er nýsköpunarverkefni þar sem unnið er að því að þróa og prófa nýsköpunarlausnir í orkuskiptum með endurbótum á flutningskipi í rekstri.“



Sævar Freyr Þráinsson

# ORKUVEITAN HORFIR TIL FRAMTÍÐAR




Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir gríðarleg tækifæri framundan í orkuvinnslu á Íslandi. Í nýrri og metnaðarfullri stefnu fyrirtækisins til framtíðar kemur fram að auka þurfi við framleiðslu grænnar orku ásamt því að á borðinu er margvíslegt og metnaðarfullt samstarf við nýsköpunarfyrirtæki á sviði orkumála – næstu ár og áratugi.

Nýliðinn ársfundur Orkuveitunnar bar yfirskriftina Hrein tækifæri sem er að sögn Sævars orðaleikur með þau markmið sem Orkuveitan er að vinna með til framtíðar. „Orðið Hrein vísar til grænnar orku sem við leitumst við að auka með margvíslegum hætti, á meðan tækifærin sem við tölum um eru þau sem við höfum sem samfélag, og möguleikarnir sem við höfum sem fyrirtæki til að hafa jákvæð áhrif. Það birtist í raun í framtíðarsýn okkar sem segir einfaldlega: Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar. Hvert orð hefur mikla þýðingu og merkingu fyrir okkur. Við sækjum mikinn tilgang í það sem við gerum útfrá þessari sýn.“

## TÖLUM UM TÆKIFÆRI – EKKI UM ORKUSKORT

„Eitt af því sem við erum að vinna með hér á landi, ekki bara hér á landi heldur um allan heim, er hlýnun jarðar og Ísland er búin að skrifa undir skuldbindingar um að taka þátt í því verkefni að vinna gegn hlýnun jarðar um eina og hálfu gráðu,“ segir Sævar. „Heimurinn ætlar sér að þrefalda umfang grænnar orku til 2030 og tvöfalda orkunýtni á sama tíma. Við erum búin að vera að ná utan um hvaða hlutverki Orkuveitan ætlar að gegna í þessu verkefni og vinna að þessum markmiðum. Við lögðumst í það að greina stöðuna og hún er bara alls ekki nógu góð. Staðan er einfaldlega sú að það er verið að tala um orkuskort á Íslandi, þegar við ættum vera að ræða um tækifærin og möguleikana.“

Við þurfum að sögn Sævars að horfa öðruvísi á möguleikana og setja þá í annað samhengi. Hvar viljum við vera eftir 10 ár eða 15 ár? „Til að ná markmiðum okkar þurfum við vissulega að framleiða næga græna orku. Og þegar ég segi græna orku þá er ég bæði að tala um raforku og varmaorku, þ.e. hitaveituna okkar. Við þurfum að auka við og bæta í beggja megin



til að komast út úr því ástandi að verið sé að tala um orkuskort. Þess vegna erum við að leggja áherslu á verulega aukna orkuframleiðslu. Þegar við erum svo búin að leysa orkuskortinn þá eigum við eftir að leysa það sem kallað er orkuskiptin. Það er í rauninni okkar mikilvægasta verkefni núna og er hluti af þessari vegferð sem heimurinn er á, að færa okkur úr mengandi eldsneytisgjöfum. Ísland er vissulega komið töluvert lengra í þeim efnum en aðrar þjóðir, með hitaveitunni og öðru, en við þurfum að komast enn lengra. Við þurfum að nýta bæði heita vatnið okkar og framleiða næga græna orku svo við getum raunverulega leyst orkuskiptin.“

## STRAUMHVÖRFIN SEM FRAMUNDAN ERU

Þar með er aðeins hálf sagan sögð, bendir Sævar á. „En þá eigum við eftir tækifærin. Þau köllum við straumhvörfin, og við höfum búin til allskonar orð yfir það sem við sjáum sem möguleikana. Orkuskipturinn, orkuskiptin og straumhvörfin – þetta eru

bara orð yfir þessi tækifæri sem við erum að sjá og við erum nú þegar í samtali við mörg af áhugaverðustu nýsköpunarfyrirtækjunum á þessu sviði, og um leið stöndum við frammi fyrir nokkrum af álitlegustu viðskiptatækifærum sem Ísland hefur nokkurn tíma séð.“

Sævar segir ástæðuna fyrir því að þessi tækifæri séu að verða til vera þá gríðarlegu gerjun sem sé að verða til í heiminum. „Gerjun sem gengur út á að það dugir ekki eingöngu að ætla að fanga koldíoxíð úr andrúmsloftinu og vera um leið með framleiðsluáferðir sem eru mengandi. Þess í stað þarf að umbreyta framleiðsluáferðum þannig að þær verði hreinar. Við erum í viðræðum við mögnuð fyrirtæki einmitt á þessum vettvangi sem hafa verið að þróa nýja tækni sem umbreytir framleiðsluáferðunum sjálfum. Þannig verða til grænar framleiðsluáferðir og í framhaldinu vilja þessi fyrirtæki vitaskuld ekki spilla sínum árangri og eyðileggja sína stefnu með því að kaupa svo orku sem ekki er framleidd með grænum hætti.“

Heimurinn er því allur að fara í mikla umbýltingu að sögn Sævars og þarf að gera það á næstu áratugum. Ísland sé í þeirri stöðu með sína grænu orku að geta fangað þessi viðskiptatækifæri, laðað þau til landsins og skapað hér umhverfi og atvinnutækifæri sem íslenskt samfélag geti verið gríðarlega stolt af. „Þarna ætlar Orkuveitan að nota sína framtíðarsýn – við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar – til að fanga þessa möguleika alla, og þess vegna segjum við hrein tækifæri. Því það er það sem við sjáum framundan.“ „En áherslur okkar snúast líka um jafnvægi. Jafnvægi í landvernd, líffræðilegum fjölbreytileika, loftslagsvernd, fjárhagslegri áhættustýringu, uppbyggingu fyrir samfélagið, atvinnulífið, sveitarfélögin, efnahagslífið, með okkar samstarfsaðilum og fyrir okkar viðskiptavinum. Við þurfum að ganga fram með metnaði en sömuleiðis af ábyrgð.“ segir Sævar Freyr.

## NÝSTÁRLEGIR ORKUGJAFAR TIL FRAMTÍÐAR

Þarna liggja í senn brýnustu verkefni Orkuveitunnar og stærstu tækifærin, að sögn Sævars. „Okkar hlutverk liggur í

## Sævar bendir á að unnið sé að því að ná öllum fimm starfseiningum samstæðunnar – sem auk Orkuveitunnar eru Orka náttúrunnar, Veitur, Carbfix og Ljósleiðarinn – undir eitt þak í höfuðstöðvunum við Bæjarháls.

Því að vera veitu- og orkufyrirtæki, ásamt því að vera í kolefnisbindingu, þannig að við erum að valda alla reiti í þessu. Þegar þetta kemur allt saman getum við með markvissum og árangursríkum hætti unnið með þá möguleika sem fyrir hendi eru.“

Fyrir bragðið er Orkuveitan að setja alla anga út hvað þetta varðar. „Í þessu fyrirtæki býr gríðarleg þekking og hæfni í jarðvarma og við erum að skoða öll tækifæri og alla möguleika í þessum efnunum. En ekki síður að skoða alla aðra möguleika á því hvernig við getum framleitt græna orku með nýjum aðferðum til framtíðar – til dæmis vindorku, birtuorku og ölduorku.

Í öllum þessum flokkum erum við að leggja í vinnu á mismunandi stigum, allt frá frumrannsóknnum yfir í skoðun á samstarfsaðilum þar sem tækifærin geta þróast yfir í eitthvað sem verður raunveruleg framleiðsla. og að sækja í því sjónarmiði inn nýja hæfni sem mögulega er ekki til staðar hjá okkur nú þegar.“

Þegar kemur að vindorku er Orkuveitan að skoða þau svæði sem þegar eru að einhverju leyti röskud. „Þar viljum við setja upp vindorkumöstur og erum að fara í mælingar á þessum svæðum og ef marka má fyrirbyggjandi gögn þá erum við þar með mjög álitlega möguleika á orkuvinnslu.

Um leið erum við að skoða samstarf við fleiri aðila varðandi vindorku sem gæti gert það að verkum að við munum stíga frekari skref á þeim vettvangi.“

Hvað birtuorkuna varðar er lítið til samstarfs með fyrirtækjum til að nýting birtu- eða sólarorku geti orðið að veruleika. „Á nýafstöðnum ársfundi var tilkynnt að við værum að huga að samstarfi við fyrirtæki sem heitir Transition Labs, sem aftur er í samvinnu fyrir fyrirtækið Space Solar, um að vinna birtuorku í geimnum en þar er sólarljósið 13 sinnum sterkara en birtan sem skilar sér niður á yfirborð jarðar, og raforkan þar af leiðandi mun öflugri,“ útskýrir Sævar. „Uppsafnaðri orkunni er svo beint til jarðar í útvarpsbylgjum á þá staði sem hennar er þörf. Þessi vinna er á rannsóknastigi og verður það væntanlega í áratug eða tugi og þar tókum við þátt með lykilaðilum.“

Sævar bætir við að Orkuveitan sé að sama skapi farin af stað með rannsóknaverkefni í ölduorku, sem sé reyndar komið skemur á veg heldur en vind- og sólarorka. „En á næstu árum eða áratugum munu þær athuganir vonandi leiða í ljós hagkvæmni í því að beisla þá orku til lengri tíma.“

## SAMSTARFIÐ ER FORSENDU FRAMFARA Í ORKUMÁLUM

Lykilatriði í markmiðum Orkuveitunnar gengur út á það að verið er að opna fyrirtækið fyrir samstarfi, að sögn Sævars. „Það mun birtast með ýmsum hætti, meðal annars að við förum í samstarf með aðilum sem hafa hæfni og þekkingu sem ekki er til staðar hjá okkur. Þannig munum við með markvissum hætti byggja upp þessa þekkingu innan Orkuveitunnar. Sömuleiðis sjáum við fyrir okkur að orkugeirinn geti þróast með ekkert ósvipuðum hætti og hefur gerst í sjávarútvegi þar sem frekari verðmæti liggja í þeim náttúruauðlindum sem við erum nú þegar að nýta – hvort sem það er í kalda vatninu, heita vatninu, fráveitunni og svo framvegis – sem við eigum eftir að finna leiðir til að nýta og vinna. Þessu ætlum við ná fram, ekki með því að gera allt sjálf heldur finna rétta samstarfsaðila til að stuðla að því að góðir hlutir fái að raungerast. Þannig viljum við vera aflvaki sjálfbærrar framtíðar og hver veit nema samstarf með öflugum nýsköpunarfyrirtæki gefi af sér nýja auðlind áður en langt um líður, eitthvað sem enginn hefur enn gert

sér grein fyrir? Ég nefni sem dæmi fituna sem verður til í fráveitunni, rétt eins og ensímin í þorskröðinu og urðu þess valdandi að afskurður varð að verulegum verðmætum.“

## NÝ ORKUMIÐSTÖÐ VERÐUR TIL

Sævar bendir að lokum á að unnið sé að því að ná öllum fimm starfseiningum samstæðunnar – sem auk Orkuveitunnar eru Orka náttúrunnar, Veitur, Carbfix og Ljósleiðarinn – undir eitt þak í höfuðstöðvunum við Bæjarháls. Engu að síður er byggingin að hans sögn talsvert of stór fyrir Orkuveituna.

„Auða plássíð viljum við nýta til að draga til okkar öflugustu frumkvöðlana og ná árangri með því að rannsaka auðlindirnar og nýta möguleikana til verðmætasköpunar sem í þeim kunna að liggja. Við ætlum að búa til umhverfi fyrir þá hér í þessu húsi, í frumkvöðla- og nýsköpunarumhverfi fyrir slíka aðila og þannig getum við líka ýtt undir þann hluta stefnu okkar að vera aflvaki sjálfbærrar framtíðar.“

Texti: Jón Agnar Ólason



# JARÐHITASÝNINGIN:

*hringrás auðlindastrauma lifnar við*

Hellisheiðarvirkjun á Hengilssvæðinu fer fram margs konar starfsemi sem á það sammerkt að sjálfbærni er leiðarstefið. Jarðhitasýningin á staðnum opnar gestum nýja sýn á margþætta verðmætasköpun og hringrásarhagkerfi – þar sem kraftar náttúru eru í aðalhlutverki – birtist áhorfendum með ljóslifandi hætti.

## SJÁLFBÆRNI ER LEIÐARLJÓSIÐ Í EINSTÖKU UMHVERFI

Umhverfi Hellisheiðarvirkjunar er ævintýrulegt að sjá og gildir þá einu hvernig viðrar þann daginn. Húsakostur og framandlegur tækjabúnaður utandyra virkar helst á gestkomandi eins og eitthvað spröttið úr vísindaskáldsögu, og þegar við bætist umgjörð mosavaxinna fjalla mynda andstæðurnar magnaða heildarmynd. „Öll mannvirki Hellisheiðarvirkjunar hýsa starfsemi sem á einn eða annan hátt miðar að því að nýta auðlindastrauma svæðisins með náttúrulegum og sjálfbærum hætti,“ segir Laufey Guðmundsdóttir, sýningarstjóri Jarðhitasýningarinnar í Hellisheiðarvirkjun. „Allt sem við gerum miðar að því að starfsemin skili landinu að minnsta kosti jafngöðu og það var fyrir nýtingu.“

Hin náttúrulega hringrás vatnsins, ferill heitavatnsins frá borholu til heimilis og

aðrir þættir starfseminnar birtast gestum sýningarinnar með myndrænum og lifandi hætti í Jarðhitasýningunni. Þar mætast bæði list og vísindi, að segja má, því eitt rýmið býður upp á 14 mínútna upplifun með einstökum myndskildum teknum með aðstoð dróna undir seiðandi tónlist og bakgrunns-ilminum Agndofa sem skapar dulmagnaða stemningu. Starfsfólk sýningarinnar, eða vísindamiðlarnir (e. science communicators), er að sama skapi vel búið undir leiðsögn og útskýringar á undrum jarðhitans; þeirra á meðal eru jarðfræðingar, auðlinda- eða umhverfisfræðingar sem þekkja umfjöllunarefnið til hlítar.

## HRINGRÁS OG NÝTING AUÐLINDASTRAUMA

Hellisheiðarvirkjun er jarðvarmavirkjun, ein sú stærsta í heimi, og Jarðhitasýningin varpar ljósi á hina ýmsu þætti starfseminnar – allt frá því þegar heitt vatn er sótt djúpt í jörðu og til þess þegar því er komið alla leið á áfangastað, þ.e. til notenda. Jarðhitasýningin fræðir gesti með gagnvirkum og fræðandi hætti um hvernig jarðvarminn er nýttur til að framleiða rafmagn fyrir landið og heitt vatn fyrir höfuðborgarsvæðið.

Ýmsar fleiri starfseiningar eru auk hennar innan Jarðhitagarð ON (e. ON's



Laufey Guðmundsdóttir

Geothermal Park). Þar má nefna sprota- og samstarfsfyrirtækið Carbflix, sem er leiðandi í að sporna við loftlagsbreytingum með því að breyta CO2 í stein. Í sjónmáli við virkjunina, í Jarðhitagarði ON, er einnig bygging á vegum fyrirtækisins Climeworks sem er í fremstu röð á heimsvísu þegar kemur að því að fanga CO2 úr andrúmsloftinu, og einnig hefur VAXA Technologies aðstöðu í Jarðhitagarði ON en fyrirtækið ræktar smáþörunga og framleiðir meðal annars vítamín úr þeim.

En þó náttúransé gjöfúll á Hengilssvæðinu þá eru öll fyrirtækin sem þar starfa, hvert á sínu sviði, fullkomlega meðvitund um að stíga þarf varlega til jarðar og umgangast auðlindina af virðingu. Nýting á vatninu og orkunni þarf að vera í jafnvægi svo framtíðinni sé ekki teft í tvísýnu. „Við þurfum að fara eins vel með auðlindina og við getum, ekki bara gegnum starfsemina beint, heldur hugsunum við útfyrir hana sjálfa. Það gerum við með meðal annars með umfangsmikilli landgræðslu,“ útskýrir Laufey. „Það gengur ekki að taka endalaust, við verðum að gefa til baka á móti.“

## ÁSTÆÐA AÐ BAKI HVERJU SMÁATRÍÐI

Rétt eins og starfsemi svæðisins er úthugsuð í þaula til að fullnýta auðlindastrauma svæðisins með eins skilvirkum hætti og mögulegt er, þá er aðalbygging Hellisheiðarvirkjunar úthugsuð

mannvirki. Þakið á virkjuninni og þakið á sýningarrýminu halla hvort á móti hinu og afstaðan þá á milli endurspeglar þverskurðinn af því hvernig flekaskilin líta út þar sem þau mætast þar sem Ísland er. Ekki nóg með það heldur vísar oddlaga lögunin á umræddu glerhýsi sýningarrýmisins – ásamt hellulögn á hlaðinu í sömu lögun – á Snæfellsjökul, sem að margra mati er ein af sjö orkustöðvum veraldar. Hér er hugsun að baki öllu, ekkert er tilviljunum háð; enginn þáttur hönnunarinnar skilinn eftir í lausu lofti. Ýmsir þættir arkitektúrsins í aðalbyggingunni vísa með beinum hætti í hluti eins og flekaskil, jarðlögin og aðra þætti umhverfisins sem saman eru ástæða þess að jarðhitinn er til staðar og Hellisheiðarvirkjun þar sem hún er.

## ÓTRÚLEGT OG SÍBREYTTILEGT ÚTSÝNI

Útsýnið frá sýningarrýminu er að sama skapi magnað, og aldrei eins frá degi til dags, að sögn Laufeyjar. „Suma daga er umhverfið sveipað dulmagnaðri þoku, stundum liggur snjór yfir öllu svo ævintýrulegt er um að litast. Í heiðríkju blasir svo fjallasýnin við undir bláhimni svo langt sem augað eygir, nánast allan hringinn.“ Þennan daginn er skýjað yfir og raki í lofti, og þá virðist sem grænn mosinn glói hreinlega, þar sem hann þekur bæði hraun og fjöll í næsta nágrenni.

## FYRSTI VIÐKOMUSTAÐUR Í GULLNA HRINGNUM

Það færist stöðugt í vöxt að gestir sem heimsækja Gullna hringinn geri Jarðhitasýninguna að sínum fyrsta viðkomustað til að skoða krafta og undur jarðhitavatnsins á Hellisheiði. Það er líka vel videigandi því vatn og jarðfræði Íslands eru hinn rauði þráður þeirra viðkomustaða sem mynda áður nefndan hring – flekaskilin, Öxarárfoss, gjáin Silfra og Þingvallavatn sjálft á Þingvöllum; hinn einstaki og tilkomumikli Gullfoss og loks jarðhitinn sem þeytir heitu vatni tugi metra upp í loft á svæðinu við Geysi. Allt tengist þetta enda sami landsfjórðungurinn. „Við erum svo heppin að hafa þessa stórkostlegu kennslustofu í jarðfræði sem Ísland er og hér á Hellisheiði er upplagt að hefja ferðalagið um þennan einstaka landshluta,“ segir Laufey. *Texti: Jón Agnar Ólason*






# ENGIN Í SKAPANDI GREINUM ERU EINS FRUMLEG OG ÞAU TELJA SIG VERA

**G**uðmundur Oddur Magnússon – Goddur – er í hópi þekktustu og reynslumestu grafískra hönnuða hérlendis, með langan feril að baki bæði sem hönnuður og prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. Um þessar mundir vinnur hann að því að skrifa sögu sinnar starfsgreinar – um notkun fjölfaldaðs myndmáls í íslensku prentverki, eins og hann orðar það. Það er því við hæfi að staldra við og skoða úrval frá hönnunarferli hans sjálfs sem spannar á fimmta áratug.

Godður fór á eftirlaun fyrir 4 árum sem prófessor í grafískri hönnun en kennir ennþá enda nýtur hann þess að eigin sögn. Núverandi fyrirkomulag hentar honum einkar vel, eins og hann bendir sjálfur á. „Ég hef miklu meiri tíma til að vinna að skapandi störfum og stunda rannsóknir, gera það sem er skemmtilegt – ég þoli ekki fundahöld eða skýrslugerðir og þess konar býrokratisma.“

Þó ferillinn sé langur og afkastamikill segist Godður aðspurður ekki sjá mismunandi skeið þegar hann lítur um öxl. Engu að síður á hann sína áhrifavalda þegar kemur að sjónrænni framsetningu. „Áhrifavaldarnir eru margir og komast til áhrifa í gegnum plötuumslög og tímarit sem fáir taka eftir nema næmir teiknarar. Á fimm til tíu árum eru formhugmyndirnar komnar út um allt og verða að því sem kallað er „mainstream.“ Minn hugmyndaheimur verður fyrst og fremst til á árunum frá 1980 fram yfir fyrstu áratugi nýrrar aldar. Það er tími mikilla umbreytinga – stafræna byltingin. Og jú, þessum tíma hættum við að kalla starfsgrein okkar auglýsingateiknun og köllum hana grafíska hönnun.“



*Guðmundur Oddur Magnússon*

Hann bendir um leið á að hver og einn dragi óhjákvæmilega dóm af sínum samtíma. „Við fæðumst öll inn í tíðaranda og staðsetningu í veröldinni. Enginn í skapandi greinum er eins frumlegur og hann telur sig vera. Enginn á höfundarétt að hugmyndum en höfundaréttur byggist á úrlausnum – hvernig maður framkvæmir sín eigin stílbrögð.“

## MIKILVÆGAST AÐ VERA SJÁLFUR ÁNÆGDUR MEÐ ÞAÐ SEM MAÐUR GERIR





Sjálfur hefur Godður ekki starfað á auglýsingastofu síðan hann kom heim frá námi á vesturströnd Kanada árið 1990. Þess í stað byrjaði hann fljótlega að kenna og hefur unnið sjálfstætt meðfram kennslunni síðan. En skyldi hann vera sérstaklega ánægður með einhver ákveðin verkefni sem hann hefur unnið – eitthvað sem að hans mati stendur upp úr höfundarverkinu?

„Ég vel mér sjálfur verkefni sem tilheyra menningarlífi; söfn, gallerí, tónleikar, plötuumslög, fyrirlestrar o.s.fr.v. Það þýðir að hafa fullt vald til að skapa verk sem maður sjálfur er ánægður með. Mín starfsgrein er auðvitað þjónustugrein, en það er mikill munur á því að þjóna eða þóknast. Það er mikilvægast að vera sjálfur ánægður með það sem maður gerir – það er ekkert eitt sem stendur uppúr nema kannski í augum annarra.“

Verk Godds standa alltént uppúr í augum einhverra, því umfjöllun um þessi veggspjöld hefur birtst víða í bókum um grafíska hönnun, og má þar á meðal nefna 55°North: Contemporary Scandinavian Graphic Design (Laurence King, London 2002), Graphic Design for the 21st Century (2003) og Graphic Design NOW, (TASCHEN 2003), North by North, Scandinavian Graphic Design (Die Gestalten, Berlin 2002), ROMANTIK (Die Gestalten, Berlin 2004), Randscharf On the cutting Edge: Design in Iceland (Die Gestalten 2011), TRANSFORME, V.I.A. (Paris 2004), og Scandinavian Design Beyond the Myth (Arvinus Förlag 2003), svo einhverjar séu nefndar.

*Texti: Jón Agnar Ólason*





# Viðskipti Íslands og Rússlands

## SAMFELLD VERSLUN FRÁ ÁRINU 1953

Íslendingar færðu fiskveiðilögsögu sína úr þremur mílum í fjórar 15. maí 1952. Það varð til þess að félög útgerðarmanna í Grimsby og Hull bönnuðu löndun íslenskra skipa. Efnit var til viðræðna embættismanna beggja ríkja í Lundúnum, en þær skiluðu engum árangri.

Gríðarlegir hagsmunir voru í húfi því á þeim tíma fór 80% ísfisksafflans á Bretlandsmarkað. Bregðast þurfti hratt við og gripidd var til þess ráðs að auka framleiðslu á skreið, saltfiski og frystum fiski, en ljóst var að það dygði ekki til. Aflla þyrfti nýrra markaða. Úr varð að Íslendingar leituðu til Sovétmanna, nokkur viðskipti höfðu verið milli landanna fáeinum árum fyrr en þau lagst af. Um sumarið 1953 hófust viðræður íslenskra og sovéskra embættismanna um viðskipti og var samningur undirritaður 1. ágúst. Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra sagði af því tilefni að landi, sem byggi við jafn einhæfa framleiðslu og Ísland, væri nauðsynlegt að tryggja markaði sem víðast svo það yrði engum einum aðila háð í viðskiptum: „Er það von mín, að þessi nýja afstaða Sovétríkjanna sé fyrirboði um bætta sambúð, ekki aðeins í viðskiptamálum heldur einnig um önnur alþjóðamál.“

### MOSKWITCHAR, VOLGUR OG RÚSSAJEPPI

Samkvæmt samningnum frá 1953 skyldu Sovétmenn sér í lagi kaupa síld og frosinn fisk, en á móti keyptu Íslendingar ýmsar vörur af þeim, einkum olíu. Um skeið var allt innflutt eldsneyti frá Sovétríkjunum (hvort sem það var selt undir vörumerkinu Shell, Esso eða BP). Í skiptum fyrir sjávarafurðir fengu Íslendingar líka steypustyrktarjárn, timbur og aðra byggingarvöru. Þá var keypt hveitiklið af Rússum, en einnig rúgmjöl og kartöflumjöl. Samið var um kaup sem svaraði ársþörf landsmanna af þessum vörum.

Viðskiptin héldu áfram á næstu árum og þess var ekki langt að biða að sovéskar bifreiðar yrðu algeng sjón á vegum landsins. Fyrst kom Pobeda, síðan Moskvitch, Volga og GAZ 69, sem var aldrei kallaður annað en Rússajeppi hér, og var mikið notaður víðs vegar um land. Sovétmenn keyptu þó ekki einungis fisk héðan, heldur einnig niðursuðuvörur og ullarafurðir. Útflutningur til Sovétríkjanna nam 12,6% af heildarútflutningi árið 1953 og fór upp í 15,2% árið eftir. Þessi viðskipti skiptu sköpum fyrir þjóðarþúið þessi ár.

Rússviðskiptin ollu áhyggjum innan Atlantshafsbandalagsins. Sumir töldu jafnvel að Ísland væri að falla í faðm Sovétmanna og voru Bretar gagnrýndir fyrir hörku gagnvart Íslendingum. Ólafur Thors tók við embætti forsætisráðherra í september 1953. Hann mun eitt sinn hafa sagt að hann hefði þá reglu að ætla mönnum aldrei illt nema hann reyndi þá að því. Aldrei létu Íslendingar aðstoð Rússa hafa áhrif á utanríkisstefnu landsins og víst er að hinar íslensku afurðir nutu mikillar hylli í Austurvegi.

### SENDIHERRA MED FASTA BÚSETU

Viðskiptasamningurinn styrkti diplómátísk samskipti ríkjanna og ákveðið var að sendiherra Íslands í Sovétríkjunum hefði eftirléiðis fasta búsetu í Moskvu, meðal annars til að greiða fyrir framkvæmd viðskiptasamningsins og undirbúa endurnýjun hans. Næstu áratuginu hafði íslenska sendiráðið í Moskvu þá sérstöðu meðal íslenskra sendiráða að meginþorri starfseminnar fólst í því að gæta viðskiptahagsmuna Íslands.

Viðskiptasamningar þjóðanna voru venjulega gerðir til fjögurra ára og fyrirtækin í útflutningi í báðum löndum gerðu síðan sölusamninga á báða bóga. Sendiráð

Íslands í Moskvu gengdi hér lykilhlutverki. Ef íslensku fyrirtækin töldu til dæmis að afgangur af olíu og bensíni gengi treglegar en samningar gerðu ráð fyrir var það hlutverk sendiráðsins að ýta við viðkomandi fyrirtækjum í Sovétríkjunum og sama gildi um það þegar sovésk innflutningsfyrirtæki kvörtuðu undan því að ákvæðum í samningum um afgangur og gæði væri ekki fylgt. Aldrei var kvartað yfir ullarvörum, en því miður var of algengt að slakað væri á gæðaeftirliti með sjávarafurðum sem fóru á Rússlandsmarkað og þetta kom eðlilega niður á Íslendingum í samningaviðræðum. Sumir íslenskir framleiðendur virtust ekki gera sér grein fyrir því að Sovétmarkaðurinn var einn besti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir, en Rússar greiddu herra verð en almennt fékkst á heimsmarkaði. Að sama skapi gerðu þeir kröfur um gæði framleiðslunnar.

### HORFIÐ FRÁ JAFNKEYPISVIÐSKIPTUM

Gríðarlegar olíuverðshækkningar á fyrri hluta áttunda áratugarins leiddu til mikils greiðsluhalla á viðskiptum Íslendinga og Sovétmanna, Íslendingum í óhag, en olían var keypt á heimsmarkaðsverði að frádrögnum afsláttarprósentum sem Sovétmenn veittu Íslendingum sem gömlum og góðum viðskiptavinum. Svo fór að Ólafur Jóhannesson, viðskipta- og dómsmálaráðherra, hélt til Moskvu haustið 1974 til viðræðna við Nikolai S. Patolichev, utanríkisviðskiptaráðherra Sovétríkjanna. Góður árangur varð af viðræðunum, Sovétmenn féllust á að kaupa meira magn af sjávarafurðum af Íslendingum til að minnka viðskiptahallann og þá sömdu Íslendingar við Sovétmenn um aukna yfirdráttarheimild, lán og gjaldeyrisgreiðslur fyrir eftirstöðvar af reikningskuld vegna viðskiptahallans.

Allt frá árinu 1953 og fram á miðjan áttunda áratuginn hafði verið um jafnkeypisviðskipti að ræða, en þegar þarna var komið sögu gerði Vneshtorgbank, utanríkisviðskiptabanki Sovétríkjanna, það að skilyrði fyrir lausn greiðsluvandamála Íslendinga að jafnkeypisyfirkomulagið yrði afnumið. Fulltrúar Íslendinga undu þessu illa og forystumenn í sjávarútvegi óttuðust að án fastra kvóta gæti útflutningur sjávarafurða til Sovétríkjanna dregist saman.



Löndun á síldartunnum frá Íslandi á svæði I í Leníngrad-höfn. Leníngrad, ljósmynd tekin 04.05.1948

Þarna var því komin upp sú skringilega staða að Sovétmenn voru orðnir talsmenn frjálsra milliríkja viðskipta en íslenskir markaðshyggjumenn töluðu fyrir óbreyttu ástandi jafnkeypisviðskipta! Sovétmenn höfðu sitt fram og frá og með 1. janúar 1976 fóru öll viðskipti landanna fram í frjálsum, skiptanlegum gjaldeyri. Útflutningur til Sovétríkjanna jókst á þessum árum og nam 10,6% af heildarútflutningi árið 1975.

Hannes Jónsson var sendiherra í Moskvu á þeim tíma og sinnti viðskiptamálunum af miklu kappi. Árið 1975 hélt Einar Ágústsson utanríkisráðherra í heimsókn til Moskvu, fyrstu opinberu heimsókn íslensks utanríkisráðherra þangað, og tveimur árum síðar varð Geir Hallgrímsson fyrsti íslenski forsætisráðherrann til að fara í opinbera heimsókn til Sovétríkjanna.

### MÁLNING VEGNA BYLTINGARAFMÆLIS

Málning var meðal þess sem flutt var til Sovétríkjanna, en sem dæmi má nefna að árið 1979 seldi Málningarverksmiðjan Harpa 4.000 tonn af málningu þangað austur. Útflutningurinn þangað var nær eingöngu hvítt lakk, nema hvað undantekning var gerð 1967 þegar pantað var mikið magn af lakki í fleiri litum vegna byltingarafmælisins það ár, en lakkið var notað til að mála gríðarstór veggspjöld í tilefni þess! Þá seldi Harpa einnig nokkuð af svörtu bílalakki

til Sovétríkjanna. Unnið var þrjá til fjóra mánuði á ári við útflutningsframleiðsluna, en að magni til var hún um helmingur af heildarframleiðslu Hörpu. Með viðskiptum þessum náði Harpa að afla gjaldeyris til allra hráefniskaupa fyrir framleiðsluna.

Magnús Helgason, framkvæmdastjóri Hörpu, átti í samskiptum við Sovétríkin vegna setu sinnar í viðskiptanefnd landanna og hafði forgöngu um það að rætt var við íþróttaráðherra Sovétríkjanna, sem hér var staddur vegna heimsmeistarainvígisins í skák 1972, um að Sovémenn útveguðu Knattspyrnufélaginu Val góðan þjálfara, en Magnús var dyggur stuðningsmaður Vals alla tíð. Það varð úr og í kjölfarið var Youri Illitchev ráðinn þjálfari félagsins, en segja má að hann hafi lagt grunninn að velgengni Vals á knattspyrnumótum næstu ára. Þannig gátu viðskiptin getið af sér góð samskipti á öðrum sviðum.

### VIÐSKIPTIN EFLA VINÁTTU

Hér hafa aðeins verið nefndir örfáir þættir í viðskiptasögu þjóðanna síðustu 65 árin, en vitaskuld tóku þau gagnagerum breytingum við fall Sovétríkjanna og þar með afnám miðstýrðs áætlunarbúskapar.

Þrátt fyrir að ríkin tvö hafi ekki verið bandalagsríki hefur vinarhugur sovéskra ráðamanna skipt miklu fyrir íslenska hagsmuniaumlíðnum áratugum. Sovétmenn voru meðal þeirra fyrstu til að viðurkenna

stofnun lýðveldis á Íslandi árið 1944 og það skipti þjóðarþúið sköpum að næst skyldi viðskiptasamningur milli ríkjanna árið 1953 eftir að Bretar höfðu beitt íslensk skip löndunarbanni. Sá samningur varð báðum ríkjum til mikilla hagsbóta. Til langs tíma litið styrktist staða Íslendinga í kjölfar löndunarbansins. Nýir markaðir fundust og munaði þar ekki minnstu um Sovétríkin. Vörn var snúid í sókn, ný fiskiðjuver risu og mikil uppbygging varð í frystiðnaði.

Sovétmenn reyndust Íslendingum einnig vel í fiskveiðideilum við Breta og aðrar Evrópuþjóðir við útfærslu fiskveiðilögsögunnar 1958, 1972 og 1975. Viðskiptin efldu samskiptin á öðrum sviðum og nægir þar að nefna samning ríkjanna um samvinnu á sviði menningar, vísinda og tækni frá árinu 1961, sem báðir aðilar nutu mjög góðs af.

Þrátt fyrir ólíkt efnahags- og þjóðskipulag gátu samskiptin farið fram með fríðsamlegum hætti um áratugaskeið og þannig að forystumenn ríkjanna sýndu hver öðrum fulla virðingu og skiptu sér ekki af innanríkisáttum hvors annars. Texti: Björn Jón Bragason

Heimildir: „4000 tonn af hvítu lakki til Sovétríkjanna“. Frjáls verslun 1979. – Guðni Th. Jóhannesson: Þorskastríðin þrjú. – Hannes Jónsson: Sendiherra á sagnabekk. – Þorskastríðin. Fiskveiðideilur Íslendinga við erlendar þjóðir. Ritgerðasafn. – Fréttir blaðanna á sínum tíma.

# INGÓLFUR OG HALLVEIG

Goðin höfðu hönd í bagga við landnám Íslands

Fyrstir norræna landnámsmanna á Íslandi, sem sagan greinir frá, voru fóstbræðurnir Ingólfur Arnarson og Hjörleifur Hróðmarsson. Auk þess að vera fóstbræður var Hjörleifur kvæntur systur Ingólfs. Árið 969 lentu þeir fóstbræður í orrustu við syni Atla jarls, sem hafði ætlað að drepa Hjörleif en leikar fóru á annan veg. Atli var handgenginn Haraldi hárfagra sem þá hafði ríkt í nokkur ár og var þeim fóstbræðrum því nauðugur kostur að semja um afhendingu landareigna sinna til sátta. Mörgum höfðingjum sveið ofríki Haralds konungs og því myndaðist stemning fyrir að kanna landkosti á Íslandi. Það varð úr að þeir lögðu í könnunarleiðangur úr Firðafylki á stóru skipi og námu land í Syðri-Álftarfirði. Rétt utan við Álftarfjörð er Papey og eins og nafnið vísar til má búast við að Papar hafi búið þar. En hvort sem Írar bjuggu þar eða ekki voru drekahöfuð skipanna tekin niður áður en komið var að landi, ekki vegna ótta við íbúa landsins, hafi þeir á annað borð verið til staðar, heldur af óttablandinni virðingu við landvættirnar. Þeir könnuðu Austfirðina og þóttu landið byggilegra sunnan til og tóku sér vetursetu í Álftarfirði. Að ári liðnu fóru þeir aftur til Noregs margs fróðari um landið. Hjörleifur var víkingur og lítið gefinn fyrir trúariðkun og beið ekki boðanna að fara strax í hernað til Írlands, þar sem hann aflaði sér umtalsverðs fjár þ.m.t. 5 röska þræla. Ingólfur taldi mikilvægara að rækta sinn innri mann eins og sagt er nú til dags.

## BLÓTAÐ FYRIR FORLÖGUNUM

Þennan vetur stóð Ingólfur fyrir miklu blóti (líklega jólablóti) eins og títt var og þar leitaði hann sér heilla um forlög sín. Fréttin vísaði Ingólfi til Íslands. Eftir það var Íslandsferðin ákveðin. Þá útbjuggu þeir fóstbræður sitt hvort skipið til Íslandsferðar. Í skipi Hjörleifs var herfang það sem honum

Ingólfur sjálfur



Áðalstræti; þars sem Ingólfur byggði sinn bæ í Kvósinni í Reykjavík, í dag, árið 2024

hafði hlotnast á Írlandi en í skipi Ingólfs var sameiginlegt félagsfé þeirra.

Ferðin til Íslands gekk að mestu áfallalaust fram að því að þeir fengu landsýn en þá skildu leiðir. Þá kastaði Ingólfur öndvegissúlum fyrir borð sér til heilla og hét því að taka þar búsetu sem þær rækju að landi en fram að því námu þeir staðar við Ingólfshöfða. Hjörleifi gekk ekki eins vel því hann rak vestur með landinu og fékk vatnfátt (afleitan þorsta). Þrælarnir þóttust kunna ráð við þorstanum og bjuggu til minkpak sem búið var til úr smjöri og meli, sem þeir sögðu vera meðal við þorsta. En þegar það blotnaði myglaði það svo af varð óþefur og köstuð þeir því fyrir borð og þar sem það rak að landi er kallaður Minkpakstreyr.

## HJÖRLEIFUR VEGINN

Hjörleifur tók land á Hjörleifshöfða og sat þar um veturinn en um vorið vildi hann sá. Hann átti einn uxa og lét þrælana draga arðinn. Sjálfur var Hjörleifur við skálasmiði en þrælarnir brugguðu honum launráð. Úr varð að þeir drápu uxann og sögðu að skógarbjörn hefði framið verknaðinn. Þegar menn Hjörleifs leituðu bjarnarins sátu þrælarnir fyrir þeim einum og einum og myrtu. Að loknu ódæðinu tóku þeir konur hinna myrtu ásamt öllu lausafé og héldu til eyjar sem sást í útsuðri (Vestmannaeyjar) og bjuggust þar um hríð. Ingólfur sendi þræla sína, þá Vífil og Karla, til að leita Hjörleifs. Þeir voru ólíkt húsbóndahollari en þrælur Hjörleifs. Þegar þá bar að Hjörleifshöfða fundu þeir Hjörleif allan og fóru til baka og sögðu Ingólfi. „Ok lét hann illa yfir.“ (Tók mjög nærri sér). Þegar hann sá lík Hjörleifs mælti hann: „Lítið lagðist hér fyrir góðan dreng að ljótir þrælur skyldu að bana verða. Mér sýnist að slík verði örlög allra

þeirra sem ekki vilja blóta. Að svo búnu gerði hann veglega útför og gróf mág sinn ásamt skipi og eigum. Þar sem báturinn var horfinn flaug Ingólfi í hug að þrælarnir hefðu flúið til Vestmannaeyja. Ingólfur kom þrælunum að övörum þar sem þeir voru að matast á stað sem nefnist Eið. Þeir urðu svo skelfdir að þeir hlupu hver í sína átt, ýmist í skorur eða fyrir björg sem tóku þeirra nöfn. Við þá eru allar eyjarnar kenndar því þeir voru Vestmenn. Þannig björguðu Ingólfur og hans menn konum hinna myrtu og fluttu til Hjörleifshöfða. Þar var Ingólfur tvo vetur og hinn þriðji við Ingólfsfell austan við Hveragerði.

## UPPHAF BYGGÐAR Í REYKJAVÍK

Meðfram búskapnum leituðu þrælarnir góðu þeir Vífill og Karli að öndvegissúlunum og fundu þær reknar í Reykjavík, sem var á hrjóstrugu svæði. En Ingólfur skeytti því engu og byggði sér hús í Reykjavík. Þá voru liðin fimm ár frá því að þeir komu fyrst til Álftarfjarðar. Margir telja að fyrsti landnámsbærinn hafi verið byggður þar sem nú er Áðalstræti og fjölmargar heimildir greina frá að áður nefndar öndvegissúlurnar Ingólfs hafi verið í eldhúsinu. Þrælarnir góðu, Karli og Vífill, voru Vestmenn og því nær örugglega kristnir og því líklegt að þeim hafi þótt Ingólfur hjátrúarfullur. Til marks um það er haft eftir Karli: „Til ills fórum við um góð héruð, er vér skulum byggja útnes þetta.“ Hætti hann í vistinni og tók með sér ambátt og settust þau að í Ölfusinu. Ingólfur gaf Vífli frelsi og land á Víflsstöðum.

## FJÖLSKYLDA OG MERKIR NIÐJAR

Ingólfur er frægastur landnámsmanna. Hann er talinn fyrstur norræna landnámsmanna til að koma hér að óbyggðu landi og setjast hér að til frambúðar. Kona

Ingólfs var Hallveig Fróðadóttir, sonur þeirra var Þorsteinn Ingólfsson, sá er setti á fót Kjalarnesþing, áður en Alþingi var stofnað. Sonur Þorsteins og barnabarn Ingólfs var Þorkell máni lögsögumaður. Hann var talinn einn best siðaður (trúaður) heiðinna manna eftir því sem menn vissu dæmi til. Á banaleggunni lét hann bera sig út í sólina og fól sig þeim guði sem sólina hefði skapað. Þar andaðist hann og var það mál manna að hann hefði lifað svo hreinlyndu lífi sem þeir kristnu menn sem best voru siðaðir. Sonur Þorsteins mána var Þormóður. Hann var allsherjagoði þegar kristni var lögtekin á Íslandi.

Texti: Sigurður Þórðarson  
Ljósmyndir: Páll Stefánsson



Suðurstroöndin, horft í austur frá Ingólfshöfða



# BÚJARÐIR Í REYKJAVÍK

## Reykjahlíð



Horft úr Öskjuhlíð norðaustur yfir Hafnarfjarðarveg 1924. Reykjahlíð má sjá fyrir miðri mynd. Á myndinni mótar fyrir jarnbrautarspori sem liggur frá gröfunni til hægri á myndinni. Kaldavatnsgeymirinn á Rauðarholti, við Háteigsveg, sést í fjarska. Býlið Háteigur (gamli bærinn) sést lengsti til vinstri. Ljós: Peter J. Sorå

Í lok 19. aldar og upphafi þeirrar 20. var farið að ræsa fram mýrarnar í landi Reykjavíkur og úthluta úr þeim ræktunarlöndum. Þessi lönd voru leigð með erfðafesturétti, sem þýðir að leigan gekk í erfðir. Á erfðafestulöndunum risu nýbýli þar sem hafin var túnrækt og búskapur í stórum og smáum stíl. Erfðafestubýlin gegndu mikilvægu hlutverki á sínum tíma þegar framboð á mjólkurvörum var lítið í Reykjavík. Þegar ný hverfi tóku að rísa austan meginbyggðarinnar í Reykjavík um og eftir seinna stríð urðu flest þessara býla að víkja en í sumum tilfellum voru íbúðarhúsin sem þeim tilheyrðu felld inn í hina nýju byggð og standa þar enn innan um yngri hús.

Á Norðurmýrarblettum, sem úthlutað var í Norðurmýri og á svæðinu milli Rauðarárhólts og Öskjuhlíðar, risu allmörg erfðafestubýli. Eitt þeirra var Reykjahlíð, sem stóð við austurenda Mávahlíðar þar sem gatan Stakkahlíð liggur nú. Þar reisti Gestur Guðmundsson (1889-1974) býli árið 1923 sem varð eitt af umsvifamestu sauðfjárbúunum í Reykjavík og var starfrækt allt fram á miðjan 7. áratug 20. aldar. Í Reykjahlíð reisti Gestur lítið steinsteyppt íbúðarhús með áfastri hlöðu, fjósi og geymslu og bjó þar síðan með konu sinni Guðrúnu Ragnheiði Jónsdóttur (1887-1968) og sjö börnum. Þarna var Gestur með bæði kúa- og sauðfjárbúskap og flutti mjólk til bæjarbúa á hestvögnum. Í lok 5. áratugarins var hann orðinn stærsti fjárbóndinn í Reykjavík með 120 fjár. Á þeim tíma var vesturhluti Hlíðahverfis fullbyggður og austurhlutinn að rísa. Áformað var að leggja götuna Stakkahlíð þvert yfir bæjarstæði

Loftmynd af Hlíðarhverfi 1961. Hér má sjá hvernig hverfið hefur byggst upp í kring um Reykjahlíðarbæinn. Ljós: Gunnar Rúnar Ólafsson.



Loftmynd frá 1954. Hér má m.a. sjá nokkur af þeim býlum sem byggð voru á þessum slóðum á fyrstu áratugum 20. aldar. Upplýsingaskilti um Háteig og Sunnuhvol má finna á horni Háteigsvegar og Rauðarárstígs og um Eskihlíð við enda samnefndrar götu.

Reykjahlíðar, en býlið stóð þó enn um sinn og gatan var lögð að því úr báðum áttum. Sauðfjárbúskap rak Gestur áfram í Reykjahlíð allt til þess að borgarráð keypti land hans og hús árið 1964. Stuttu síðar voru bæjarhúsin í Reykjahlíð látin víkja og lagning götunnar Stakkahlíðar klárað. Í vesturhluta hverfisins er gata sem hlaut nafngiftina Reykjahlíð.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur



Hlíðahverfi 1955. Fremst á myndinni má sjá hvar fjölbýlishús við Bogahlíð er í byggingu. Til vinstri sést býlið Reykjahlíð, sem stóð í görtæði Stakkahlíðar. Fjer eru íbúðarhús við Mávahlíð og Barmahlíð. Ljós: Borgarskipulag

# BREIÐHOLT



Rétt fyrir ofan Skógarsel í Breiðholti er bæjarhóll Breiðholtsbýlisins, sem hverfið er kennt við. Elstu öruggu heimildirnar um Breiðholt eru í skrá um jarðir sem komu undir Viðeyjarklaustur árið 1395 en líklegt má telja að byggð þar sé nokkru eldri. Þar mun hafa verið bænhús helgað heilögum Blasíusi en það var aflagt á 16. öld. Á fyrri hluta 20. aldar fundust þar forn mannabein í jörðu við bæinn.

Breiðholt varð eign konungs við sidaskipti eins og aðrar jarðir Viðeyjarklausturs. Skömmu síðar voru tekjur af jörðinni lagðar til framfærslu prestum sem þjónuðu kirkjunni á Seltjarnarnesi. Prestar munu að jafnaði ekki hafa setið í Breiðholti, en þó bjó þar séra Árni Helgason dómkirkjuprestur og biskup 1815 – 1826.

Landamerki Breiðholtsjarðarinnar lágu að nágrennanjörðunum: Vatnsenda, Hvammskoti (Fífuhvamm), Digranesi, Bústöðum, Ártúni og Árbæ.

Samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var í upphafi 18. aldar tvíbýli í Breiðholti. Á hálfri jörðinni bjuggu þá hjónin Þórálfrur Höskuldsson og Ásta Jónsdóttir og voru þar fimm í heimili. Bústofn þeirra var fjórar kýr, sjö ær, tvær gimbrar, einn sauður veturamall, sjö lömb og einn foli þrevetur.


Á hinum helmingi jarðarinnar bjó Loðvík Jónsson. Hjá honum voru þrjár í heimili og bústofninn þrjár kýr, ein kvíga mylk, einn kálfur, þrjár ær, fjögur lömb og eitt hross. Til hlunninda töldust hrístrif, torfrista og stunga, mótaka og lyngrif nokkurt. Engjar spilltust af vatnságangi.



Breiðholt 1916



Vegslóðar og vagnavegir 1909



Jarðamörk 1703

Seint á 19. öld, í búskapartíð Bjargar Magnúsdóttur og Jóns Jónssonar, voru í Breiðholti um 10 kýr, 200 ær og sex til átta hross. Þau hjónin áttu 13 börn. Mjólk, smjör og rjómi voru seld til Reykjavíkur. Þvottur var að hluta til þveginn í volgrum neðan við túnið. Mikill gestagangur var í Breiðholti á þessum tíma, t.d. komu hér við bændur austan úr sveitum með fé sitt á leið til slátrunar á haustin og börn úr Reykjavík komu í berjamó.

Bæjarstjórn Reykjavíkur keypti jarðirnar Breiðholt, Ártún og Árbæ árið 1906 til þess að tryggja sér aðgang að vatni Elliðaánnar fyrir vatnsveitur bæjarins. En árið 1923 var Breiðholt orðið hluti af lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Árið 1916 voru bæjarhús og tún Breiðholts mæld upp. Á hlaðinu stóðu þá sjö hús og önnur þrjú sunnar, túnin voru afmörkuð með túngörðum og útihús voru í brekkunni austur af bænum. Vegurinn frá Fífuhvamm að Vatnsenda lá í gegn um hlaðið.

Torfbærinn sem þar stóð var rifinn 1940 og nokkru síðar byggt múrhúðað timburhús. Búskapur var í Breiðholti fram undir 1960.

Árið 1960 keypti Jón H. Björnsson landlagsarkitekt og eigandi gróðrastöðvarinnar Alaska erfðafesturétt Breiðholtsbýlisins og var með starfsemi þar til fjölda ára. Yngsta hlaðan varð að verslunarhúsi gróðrastöðvarinnar og ber nágrennið merki ræktunar Jóns.

Hið forna bæjarstæði Breiðholts ásamt kirkju og kirkjugarði var friðlýst árið 1981.

Á árunum 1960 til 1980 voru skipulögð og reist íbúðarhverfi í landi Breiðholts og bjuggu í Breiðholti árið 2009 um 25.000 manns.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur, Drónatökur Friðhjófur Helgason

# FJÖLMENNASTA & „FJÖLMENNINGASTA“ HVERFI HÖFUÐBORGARINNAR

Úthverfið Breiðholt í Reykjavík er fjölmennasta hverfi borgarinnar, en þar búa 23.000 manns, í um 7600 íbúðum. Í Breiðholti er líka lang hæsta hlutfall íbúa af erlendu bergi, sem gerir hverfið, mannlífið mun litríkara, en önnur hverfi borgarinnar. Íbúðabyggingin í þessu fyrirverandi berjalandi Reykvíkinga má rekja til hins svokallaða Júnisamkomulags milli verkalyðshreyfingarinnar og atvinnurekenda í júní 1964, fyrir sextíu árum. Mikill húsnæðisskortur var í höfuðborginni, og tók ríkisstjórnin ásamt verkalyðshreyfingu og atvinnurekendum höndum saman með yfirlýsingu um að ráðist yrði í stórfeldar úrbætur í húsnæðismálum, byggðar yrðu 1250 íbúðir fyrir tekjulágt fólk í nýju hverfi austast í höfuðborginni á næstu fimm árum. Nafnið, Breiðholt kemur af bylinu Breiðholti, sem fór í eyði árið 1925, en jörðin var landi sem var þá komið í eigu Reykjavíkurborgar. Icelandic Times / Land & Saga skrápp upp í Breiðholt, til að fanga andrúmið í vorringningunni. *Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson*



Breiðhólskirkja



Svalir í norður við Vesturhóla



Breiðhólsdraumar, Krummabólum



Tilbúinn fyrir sumarið, Hólaberg



Fella- og Hólakirkja



Ein lengsta blokk landsins við Norðurfell



Útsýni að Krummabólum



Við Arnarbakka



Við Grýtubakka



dadasdasdad



# FIMM MÍNÚTUR

*Horft yfir Hafravatn að Grafarholti í Reykjavík*

Það sem er svo frábært við Ísland, þrátt fyrir þéttbýli í strjálbyggðu landi, hve stutt er í náttúruna. Oftast bara fimm mínútur í bíl. Samkvæmt Eurostat sem heldur utanum tölfræði Evrópu er Ísland númer tvö yfir hlutfall íbúa sem búa í þéttbýli. Mónakó er númer eitt, og Vatíkanið sem sýna 820 prestlærðu íbúa er ekki talið með sem sjálfstætt ríki, enda ekki með ríkisstjórn og þing. Af íbúunum þar hafa ekki nema 450, rúmlega helmingur Vatíkansktr vegabréf. Númer þrjú er Belgía. Litháen og Írland deila neðsta sætinu, þar sem hlutfallslega flestir íbúar búa í smáþorpum eða þá á bóndabýlum. Það tekur ekki nema fimm mínútur að komast í óspilla náttúru að

Hafravatni frá Úlfarsárdal eða Grafarholti í Reykjavík. Svipað úr miðborginni vestur á Gróttu eða úr Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi upp í Heiðmörk. Svipaðan tíma tekur fyrir Akureyringa að komast í Kjarnaskóg, eða Bolvíkinga í Skálavík, Ísfríðinga í Tungudal, Sauðkræklinga á Hegranes, Norðfirðinga að vitanum. Eða Grindvíkinginga að ganga að nýja hrauninu, nei það tekur skemmri tíma, innan við mínútu frá efstu húsum.

Fimm mínútur er ekki langur tími til sjá og upplifa náttúruna, jafnvel núna þegar það er bæði dimmt og kalt. Það er okkar upplifun hjá Icelandic Times /Land & Sögu að þessi tími er jafn góður og hver annar. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



*Hafravatn og Hafrahlíð í fimm mínútna fjarlægð frá höfuðborginni*



*Foss og fegurð í fjallinu Lala, við Hafravatn, 5 mínútur frá Úlfarsdal*



*Enhver heima?*



*Grafarholt, efsta hverfi höfuðborgarinnar, steinsnar frá náttúrunni*



*Við Gróttu, vestasta hluta höfuðborgarsvæðisins, 5 mínútur rúmar frá miðborginni, perla fyrir náttúruunnendur*



*Viðey í eigu Brims siglir til heimahafnar til Reykjavíkur*

# MILLJÓN TONN

Það eru þrjár stóðir, nokkuð jafn stórar í íslenskum efnahag. Ferðaþjónusta þar sem ferðamenn njóta íslenskrar náttúru, og snæða íslenskan mat, lamb og grænmeti og fisk. Síðan stóriðjan þar sem grænt vistvænt rafmagn er selt til álvinnslu, en þrjú stór álver eru í landinu. Síðan auðvitað sjávarútvegurinn, sem hefur verið hryggjarstöðin að hér sé byggilegt, ekki bara nú, heldur í gegnum árin, aldirnar. Skapar atvinnu og tekjur. Til að veiða fisk í íslenski landhelgi þarftu kvóta. Í samræmi við lög Alþingis um stjórn fiskveiða. Má engin eiga stærri kvóta en tólf prósent af heildarkvóta til að tryggja jafnvægi, jafnrétti á þessari auðlind sem er auðvitað ekki endalaus. Þess vegna er kvótakerfið. Við veiðum um milljón tonn af fisk á ári, sem skapar hátt í 150 milljarða í útflutningstekjur. Stærsta útvegsfyrirtækið á Íslandi eru Brim í Reykjavík með 10.44% hlut. Næst er Ísfélagið í Vestmannaeyjum með 7.0% hlut, síðan kemur Samherji frá Akureyri/Dalvík með 6.93%. Fisk á Sauðárkróki er í fjórða sæti með 6.14%, og síðan Þorbjörn í Grindavík með 5.33% hlut. Í næstu sætum koma fyrirtæki frá Höfn í Hornafirði, Grindavík (aftur) Vestmannaeyjum, Neskaupstað, og síðan Nesfiskur frá Garði/Sandgerði/Hvammstantanga. Fyrirtæki sem eru staðsett allan hringinn umhverfis landið. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson.*



*Drekkehlaðinn Bjarni Ólafsson siglir inn í Norðfjörð*



*Verðandi sjómann, halda til hafs í Flatey á Breiðafirði*



*Sildar / loðnunót bíða vertíðar á Neskaupstað*



*Tómas Ólafsson við Þúfuna í Reykjavíkurhöfn í dag*



# ÍSLENSKU MYNDLISTARVERÐLAUNIN

Þau voru afhent í sjöunda sinn, við hátíðlega athöfn í Iðnó við Tjörnina, Íslensku myndlistarverðlaunin. Amanda Ríffo var valin myndlistarmaður ársins, fyrir sýninguna House of Purkinje í Nýlistasafninu. Hún er frönsk-íslensk myndlistarkona sem hefur verið búsett á Íslandi síðastliðin 12 ár. Hvatningarverðlaun fékk Brák Jónsdóttir fyrir sýninguna Möguleg æxlun í Norræna húsinu. Heiðursviðurkenningu fékk Hreinn Friðfinnsson fyrir framlag sitt til íslenskrar myndlistar. Hann lést fyrir rúmri viku, 81 árs gamall. Áhugaverðasta endurritið var sýning Hildar Hákonardóttur, Rauður þráður á Kjarvalsstöðum. Samsýning ársins var Að rekja brot, í Gerðarsafni, Kópavogi, og síðan verðlaun fyrir útgefið efni sem tengist myndlist, hlut bókin Art can Heal: The Life and Work of Sigríður Björnsdóttir, eftir Ágústu Oddsdóttur. Auðvitað var Icelandic Times / Land & Saga á staðnum. *Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson*



Verk eftir Hreinn Friðfinnsson



Gjörningaklúbburinn var með gjörningu, auk þess að vera kynnar kvöldsins



Ólöf Kristín Sigurðardóttir, Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur hélt ræðu um Hreinn Friðfinnsson



Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- og ferðamálaráðherra heldur ávarp



Hvatningarverðlaunin hlaut Brák Jónsdóttir



Kristín Ómarsdóttir, rit höfundur hélt sterka ræðu




Ágústa Oddsdóttir tekur við verðlaunum fyrir bók ársins, frá Ásdísi Spanó formanni Myndlistaráðs



Amanda Ríffo, myndlistarmaður ársins





Sigurður Sævar Gunnarsson

### HEITT VATN OG PRJÓSKT FÓLK

„Ístex kaupir ull beint frá bændum en rúmlega 80% fyrirtækisins eru í eigu bænda,“ útskýrir Sigurður

Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex. Höfuðstöðvar félagsins eru í Mosfellsbæ og þar hefur ullarvinnsla staðið samfleytt frá árinu 1896, áður undir nafninu Álafoss. Ístex hf tók við starfseminni árið 1991 en félagið þvær og meðhöndlar um 99% af allri íslenskrí ull.

„Lykillinn að ullarvinnslu Íslendinga er heitt vatn og þrjóskt fólk,“ segir Sigurður og kímir við, en það var einmitt heita vatnið sem rann um Álafoskvosina sem gerði fólki kleift að hefja þvott og vinnslu á ull undir lok 19. aldar. „Fyrirtækið í núverandi mynd er stofnað árið 1991, vægast sagt móti straumnum því það var samdráttur í samfélaginu, gjaldþrot algeng og gerviefnin allsráðandi. En fólk gafst ekki upp,“ bætir hann við. Íslenska þrjóska í gegnum áratugina hefur heldur betur borgað sig því íslensk ull er í dag heimsþekkt vara og eftirsótt fyrir einstaka eiginleika sína.

### ULLARBAND OG ÓMISSANDI TEPPI

Ístex framleiðir handþrjónaband í alls sjö mismunandi útfærslum úr íslenskrí ull sem og má þar nefna Álafosslopa, Einband, Jöklaþlopa, Léttlopa og Plötuloþa. „Útfærslurnar hafa mismunandi eiginleika og henta því fyrir margvísleg þrjónaverkefni,“ bendir Sigurður á. „Álafosslopi er til dæmis hlýr og hentar í útivistarf líkur, á meðan Fjallalopi sem er nýjasta bandið okkar, er þynnri og hentar því vel í fingerðar og léttar líkur. Hosubandið er síðan sérstaklega slitsterkt band og er því frábært í sokka.“

Ístex gefur út einnig út handþrjónabækur með fjölbreyttri hönnun. Sú nýjasta er númer 43 í röðinni og ber yfirskriftina Skýjaborgir. Þar er að finna uppskriftir að fjölbreyttum peysum og og öðrum þrjónaflíkum sem Védís Jónsdóttir listamaður á heidurinn að. Védís er



Íslenskur textíliðnaður hf (Ístex hf) er ullarvinnslufyrirtæki sem vinnur að því að skapa sem mest verðmæti úr íslenskrí ull og hefur um leið að markmiði er að framleiða hágæða vörur úr fyrir þá sem kjósa náttúrulegar, sjálfbærar og umhverfisvænar vörur. Fyrirtækið byggir á hefð sem nær aftur til 19. aldar og einstakir eiginleikar íslensku ullarinnar endurspeglast í margvíslegum vörum fyrirtækisins.

einnig hönnuðurinn á bakvið flest ullarteppin frá Ístex, sem fáanleg eru í margvíslegum litum og mynstrum undir merkinu Lopi. „Teppin okkar hafa verið einstaklega vinsæl til gjafa enda íslensk hönnun úr íslenskrí ull,“ segir Sigurður. „Íslensk værdarvoð er ómissandi á hvert heimili. Það þurfa allir að eiga minnst eitt gott teppi.“

### EINSTAKAR ÍSLENSKAR ULLARSÆNGUR

Ístex hefur einnig hafið framleiðslu á sængum og koddum úr íslenskrí ull undir nafninu Lopidraumur. Félagið kaupir ullina beint frá bændum og er hún er STANDARD 100 by OEKO-TEX® vottuð. „Ullin hentar frábærlega í sængur og kotta því rannsóknir hafa sýnt að ullarvörur bæta svefni,“ segir Sigurður. „Íslenska ullin er temprandi því hún býr yfir þeim eiginleika að halda einstöku rakajafnvægi og viðheldur þannig þægilegu hitastigi. Þessi öndunareiginleiki leggur þannig grunninn að góðum svefni og sængin passar því öllum árstíðum.“

Texti: Jón Agnar Ólason  
Ljósmyndir: Ístex





# MANNLÍF OG MENNING Í HÖRPU Í SUMAR

**H**arpa er miðstöð menningar og mannlífs í hjarta Reykjavíkur og þar verður fjöldi spennandi viðburða í sumar – þar á meðal má nefna notalega hádegistónleika, alvöru klúbbastemningu og eftirminnilega upplifunarsýningu.

„Það eru tvö afar spennandi verkefni að fara af stað núna í júní,“ segir Hildur Ottesen Hauksdóttir, markaðsstjóri Hörpu um sumarið framundan. „Í öðru verkefninu erum við að endurvekja hádegistónleika í Eldborg og hitt er nýtt af nálinni en það er klúbbastemning í Norðurljósum á föstudags- og laugardagskvöldum.“ Að sögn Hildar er hér verið að svara mikilli eftirspurn. „Fólk, bæði heimamenn og ekki síður erlendir ferðamenn, hafa mikinn og stöðugan áhuga á að upplifa Eldborg og langar að heyra þar lifandi tónlist.“ Hvað klúbbakvöldið varðar þá er verið að svara eftirspurn fyrir tónleikastaði í miðborginni.



Hildur Ottesen Hauksdóttir

## NÁIN HÁDEGISSTUND Í ELDBORG

Á hádegistónleikunum munu sumir af fremstu tónlistarmönnum Íslands flytja uppáhaldslög sín á stóra sviði Hörpu með tilkomumikinn Eldborgarsalinn sem bakgrunn. Hér geta áhorfendur notið töfrandi 30 mínútna tónlistarstundar í hádeginu, að sögn Hildar. „Áhorfendur mega búast við íslenskri dægurlagaklassík í bland við sígildar erlendar perlar þar sem þeir sitja á sviðinu í náinni og einlægri stemningu, og tónlistin samanstendur af rödd flytjanda og hljómunum frá dýrindis Steinway flyglinum í Eldborg.“

## SUMARKLÚBBUR Í HÖRPU: UPPISTAND OG TÓNLEIKAR

„Hin nýjungin er alveg nýtt konsept sem heitir Sumarklúbbur í Hörpu og er á vegum Senu,“ segir Hildur. „Þetta er ný uppistands- og tónleikaröð á föstudags- og laugardagskvöldum í Norðurljósum með alvöru klúbbastemningu þar sem uppistandið fer fram á ensku. Andrúmsloftið verður í senn afslappað og skemmtilegt, með lítill hringborð og stóla fyrir gesti og opinn bar inni í salnum. Tónleikarnir hefjast svo eftir stutt hlé.“

## HRINGÁTTA UPPLIFUN MED TÓNLIST HÖGNA EGILSSONAR

Hildur segist að lokum verða að benda á upplifunarsýninguna Hringátta sem fangar kraftana í náttúru Íslands með framsækinni tækni í myndrænni miðlun, skemmtilegri gagnvirkni og heillandi tónlist. „Hringátta er gagnvirk sýning fyrir alla fjölskylduna sem sækir innblástur í einstaka og lifandi náttúru Íslands, bæði hraunið, vatnið, gróðurinn, og svo framvegis, og kemur þannig heillandi hringrás lífsins til skila. Áhorfendur geta haft áhrif á listaverkið með því að hreyfa hendur og ganga um salinn. Á meðan magnar töfrandi tónlist Högna Egilssonar upplifunina.“

Texti: Jón Agnar Ólason



Unique Lapin Photography



Eldborg



Norðurljós



# FYRIR OKKAR BESTA FÓLK

Þegar gengið er inn í Bókasafn Kópavogs við Hamraborg blasir við skjöldur með verðlaunum Kópavogsbæjar sem barnvænt sveitarfélag. Verðlaunin voru veitt Kópavogsbæ fyrir rúmum þremur árum af UNICEF á Íslandi, af Félags- og Barnamálaráðherra Ásmundi Einari Daðasyni. Nú í byrjun maí, opnaði ný miðstöð menningar og vísinda, fyrst og fremst ætluð börnum í nýju sameiginlegu rými Bókasafns Kópavogs og Náttúrustofu Kópavogs. Helsta aðráttarafi rýmisins er ný grunnsýning Náttúrufræðistofu, Brot úr ævi jarðar. Samhliða hefur samliggjandi rými barnabókasafnsins verið endurhannað til lestrarstunda og leikja með náttúruna umleikis safnið í huga. Sannarlega stofnun þar sem okkar besta fólk er sett í fyrsta sæti. *Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson*




Sýningin, Brot úr ævi jarðar, í nýju sameiginlegu rými Bókasafns Kópavogs og Náttúrustofu Kópavogs




Nýr lestrarsalur fyrir yngstu kynslóðina



# EINA BASILIKAN Í NORÐUR EVRÓPU



**D**ómkirkja Krists Konungs í Landakoti í Reykjavík, byggð á árunum 1927 til 1929 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, er eina kaþólska basilíkan (höfuðkirkja) á öllum Norðurlöndunum. Fékk kirkjan þessa tilnefningu frá Jóhannesi Páli II páfa, og var tilkynnt af Edward Idris Cassidy kardinála í guðþjónustu í kirkjunni á hátíðinni Kristni í 1000 ár á Íslandi, árið 2000. Kirkjan var lengi vel stærsta kirkja lýðveldisins, þrátt fyrir að þjóðin væri nær öll Lúthersk, eða þangað til Hallgrímskirkja, líka teiknuð af Guðjóni var loksins kláruð 57 árum seinna, árið 1986. Bygging Hallgrímskirkju hófst árið 1945 og er enn lang stærsta kirkjubygging landsins. Land & Saga brá undir sig betri fætinum og heimsótti einu basilíkuna í norðanverðri álfunni. Látum myndirnar tala. *Ljósmyndir & text: Páll Stefánsson*



# TÍMAMÓTASÝNING

Í tilefni 160 ára afmælis Þjóðminjasafnsins eru í fyrsta skipti dýrgripir íslenskrar listasögu, öll fimmtán Refilsaumklæðin sem hafa varðveist, komin saman á einum stað á sýningunni, Með verkum handanna / Creative Hands. Elstu klæðin eru frá því rétt fyrir 1400, það yngsta nær 300 árum yngra frá árinu 1677. Níu eru varðveitt á Þjóðminjasafninu, hin eru fengin að láni frá Louvre í París, Nationalmuseet í Kaupmannahöfn og frá Rijksmuseum Twenthe í Enschede, Hollandi. Eins og segir í sýningarhrá er refilsaumur saumgerð sem dregur nafn sitt af orðinu refill. Reflar voru skrautleg tjöld úr ull eða líni sem höfð voru til þess að tjalda

innan bæði kirkjur og híbýli fólks fyrr á tíð. Refilsaumur er aðeins eitt útsaumsspora sem notuð voru á miðöldum og er afbrigði af útsaumi sem nefndur er lagður saumur. Þessi meistaraverk íslenskrar miðaldalistar voru unnin af listfengum konum sem bjuggu yfir þekkingu og þjálfun í vefnaði og útsaumi. Sýningin er árangur og niðurstöður áratugarannsókna Elsu E. Guðjónsson (1924-2010) á refilsaumi. Elsa starfaði á Þjóðminjasafni Íslands í meira en þrjá áratugi. Í tilefni sýningarinnar kemur út 400 síðna stórglæsileg bók Með verkum handanna gefin út af Þjóðminjasafninu, eftir Elsu. *Ljósmyndir & text : Páll Stefánsson*




Frá sýningunni Með verkum handanna / Creative Hands, á Þjóðminjasafninu



# REYKJAVÍK

EINAR TH. THORSTEINSSON nú og þá

Saga Reykjavíkur er heillandi líkt og fram kemur í þessum aldarspegli. Ævintýrið hófst í Kvosinni með landnámsbænum. Aðalstræti er fyrsta gata Reykjavíkur, upp af henni Grjótaþorpið og til vesturs auðvitað Vesturbærinn. Til austurs Hafnarstræti og Austurstræti með ys og læti, þá Lækjarstræti við lækinn sem ekki lengur sést, Bernhöftstorfan og Menntaskólinn. Tugthús varð stjórnarráð, hegningarhús með fanga á neðri hæð og Landsrétt á efri hæð reis á 19. öld þar sem bæjarstjórn fundaði í þrjá áratugi og svo kom sjálft Alþingishúsið og Þingholtin. Frelsisþrá þjóðarinnar fann sér útrás með sjávarútvegi landsmanna, Reykjavíkurhöfn markaði þáttaskil. Bær varð borg. Víkurkirkja hafði risið í Kvosinni á þriðja áratug 17. aldar, þá Dómkirkjan, Basilika Krists á Landakoti snemma á 20. öld og Hallgrímskirkja sem var 40 ár í byggingu. Lindargata dregur nafn sitt af Móakotslind þar sem háir og lágir bjuggu í Skuggahverfi. Elliðaárvirkjun var tekin í notkun snemma á 20. öld, hitaveita í Austurbæjarskóla, hitaveitustokkur úr Mosfellssveit. Útrásin var til austurs sem sem lesa má í þessari einstöku bók með um 550 myndum og ótal sögum.



# VEL GERT Í ELLIÐAÁRDAL



Elliðaárstöð, opnaði 1921

Við Elliðaárstöðina, í Elliðaárdal, fyrstu virkjun í og fyrir Reykjavík, sem var reist fyrir 102 árum, er nú að rísa leikgarður fyrir börn og veitingastaðurinn Á Bistro. Svæðið í miðjum Elliðaárdal, er einstaklega vel skipulagt, í miðju eins stærsta útivistarsvæðis höfuðborgarinnar. Gott aðgengi er að svæðinu, með hjólastígum vestan úr bæ og Kópavogi gegnum Fossvoginn. Góðar hjólaleiðir úr Grafarvogi, Árbæ og og Breiðholti. Líka ökuleiðir af Miklubrautinni neðan við Ártúnsbrekkuna. Þetta er svæði, með sögu og náttúru, sem gott er að sækja heim, 11 og hálfan mánuði á ári. Fyrsta vatnsaflsvirkjunin á Íslandi, var reist í Hafnarfirði árið 1904, þegar Lækurinn var virkjaður. Næst var Elliðárvirkjunin árið 1921 sem sá Reykjavík fyrir rafmagni. Í dag kemur rúmlega þrjú fjórðu af raforkuframleiðslu landsins með vatnsaflsvirkjunum. Stærst er Kárahnjúkavirkur sem framleiðir 2.1 milljón MWh, sem samsvarar notkun 170 þúsund heimila. Rafstöðin við Elliðaár var 3 MWh. Henni var lokað fyrir þremur árum, enda hljóta tæki og tól, eftir 100 ár af þrotlausri vinnu vera komin til ára sinna. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Nýtt prýði fyrir höfuðborgina, og Elliðaárdal



Allt gert til fyrir barnafólk, veitingastaðurinn í rauða húsinu í bakgrunni... opnar víst fljótlega



Leikgarður fyrir börn, vatn, sandur og virkjanir



Tilbúið að taka á móti viðburðum næstu 100 árin, eða svo

# FRÍKIRKJUVEGURINN MEÐ SÍNUM FRÍÐUÐU HÚSUM



Horft norður Fríkirkjuveg, Ráðhús Reykjavíkur við enda tjarnarinnar til vinstri

Það eru sex hús á Fríkirkjuvegi, sem liggur austanmegin samhliða Reykjavíkurtjörn í miðbæ Reykjavíkur. Fimm af þessum húsum, öll nema Fríkirkjuvegur 7 sem hýsir Listasafn Íslands, eru friðuð. Byrjað var að leggja Fríkirkjuveg, suður af Lækjargötu árið 1903, en elsta húsið við götuna við gatnamót Lækjargötu er gamli Miðbæjarskólinn, nú Kvennaskólinn í Reykjavík, en húsið var reist árið 1898. Yngsta húsið við þessa 280 metra löngu götu er hús Listasafns Íslands, en upphaflega var húsið byggt sem íshús árið 1917. Við götuna eru tvö fyrrverandi íbúðarhús, Fríkirkjuvegur 3, sem Sigurður Thoroddsen landsverkfræðingur byggði og hýsir nú skrifstofur fjárfestingafélagsins Fossa. Fríkirkjuvegur 11 er veglegt hús við suðurenda götunnar, byggt af athafnamanninum Thor Jensen, og nú í eigu langafabarns hans, Björgólfs Thor Björgólfssonar athafnamanns. Hann keypti húsið af Reykjavíkurborg fyrir 15 árum og hefur gert það upp af myndarskap. Umhverfis húsið er Hallargarðurinn, fallegur almenningsgarður. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Fríkirkjuvegur 5



Garðhúsið í Hallargarðinum



Hallargarðurinn, stytta Adonis eftir Bertel Thorvaldsen í forgrunni, Fríkirkjuvegur 11 í bakgrunni



Miðbæjarskólinn, byggður 1898, Hallgrímskirkja í bakgrunni



Horft frá Ráðhúsinu yfir Tjörnina, Fríkirkjan og listasafn Íslands til hægri



Horft upp  
Bókhöfundastíg frá  
Lækjargötu

## BÓKHLÖÐUSTÍGURINN MEÐ SÍNA SÖGU

**S**töðlakot við Bókhöfundastíg 6 byggt af Jóni Árnasyni hinum ríka var reist árið 1872 og er líklega elsti steinbærinn í Reykjavík. Talið er að Stöðlakot hafi verið byggt fyrst um 1600, og þá ein af hjáleigum Víkur (Reykjavíkur). Nafnið bendir til að þarna hafi verið stöðull frá Vík, en stöðull er sá staður þar sem kvíær og kýr voru mjólkaðar. Búskapur virðist hafa verið lítilfjörlegur samkvæmt Jarðabókinni frá 1703. Þá eru heimilismenn í Stöðlakoti taldir fimm, en kvikfénaður einungis tvær kýr. Túnið mjög grýtt, en vel ræktað.

Bókhöfundastígur dregur nafn sitt af bókhöfdu Menntaskólans í Reykjavík, byggt á árunum 1866-67, og jafnan kölluð Íþaka. En það var enskur heimsborgari, Charles Kelsall, eftir að komið hingað í heimsókn og hristist af því að jafn fátæk og fámenn þjóð, gæti haldið uppi sjálfstæðu menningararlífi, ánaðnaði hann í erfðaskrá sinni, árið 1853, 1000 pundum til að reisa bókhöfdu við Latínuskólann í Reykjavík, forvera MR. Þetta er fyrsta húsið sem eingöngu er byggt undir bókasafn á Íslandi. Stöðlakot er gegnt Íþöku, við sunnanverðan Bókhöfundastíg.  
*Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Stöðlakot er eitt elsta steinhús höfuðborgarinnar



Íþaka, bókhöfða MR, byggt árin 1866-1867 með gjöf frá Charles Kelsall



Horft niður og vestur Bókhöfundastíg



Efri hluti Bókhöfundastígs



Listaverk eftir Pál á Húsafelli  
(Páll Guðmundsson) við Stöðlakot



Reykjavík um 1770  
(Málverk: Jón Helgason)



Reykjavík 1786 (Kort: Aage Nielsen-Edwin)

**V**itað er að kirkja var byggð í Reykjavík fyrir 1200. Elsti máldagi Víkurkirkju er frá árinu 1379 og er hún þar sögð helguð heilögum Jóhannesi. Í Vík bjuggu höfðingjar af ætt Ingólfs Arnarsonar landnámsmanns. Þormóður langafabarn hans var allsherjargoði árið 1000 þegar kristni var tekin á Þingvöllum. Eftir kristnitökuna létu bændur og höfðingjar byggja kirkjur við bæi sína vegna þess að þeim var lofað því að þeir fengju pláss fyrir jafn margar sálir í himnaríki og rúmuðust í kirkjum þeirra. Kirkja gæti því hafa verið byggð í Reykjavík þegar á 11. öld. Bóndinn í Vík lét reisa torfkirkju við bæinn árið 1724. Hálfri öld síðar var kirkjan endurbýggð og torfveggjunum skipt út fyrir timburveggi. Einnig var byggður klukkuturn framan við kirkjuna. Sú kirkja var notuð sem dómkirkja eftir að biskupsstóllinn var fluttur frá Skálholti til Reykjavíkur árið 1785, en þótti reyndar of lítil og ómerkileg sem slík. Eftir að Dómkirkjan við Austurvöll var vígð árið 1796 var gamla kirkjan rifin og grundin sléttuð. Talið er að kirkjur í Vík hafi ávallt staðið á sama stað í kirkjugarðinum. Í stéttinni í miðjum garði má sjá skjöld sem sýnir hvar altari kirkjunnar er talið hafa verið.

### VÍKURGARÐUR

Gamli kirkjugarðurinn við Aðalstræti, Víkurgarður, er talinn hafa verið í notkun í um 800 ár, eða frá því stuttu eftir kristnitöku árið 1000 og fram á 19. öld. Jarðað var bæði í garðinum sjálfum og inni í kirkjunni. Talið er að garðurinn hafi upphaflega verið um 1500 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Kirkjugarðurinn var formlega aflagður árið 1838 þegar Hólavallagarður var tekinn í notkun, en nokkrir einstaklingar voru þó jarðaðir í gamla garðinum eftir það. Ómögulegt er að segja til um hversu margir voru grafnir í Víkurgarði frá upphafi, en ætla má að jarðneskar leifar um þrjátíu kynslóða Reykvíkinga hvíli hér. Víkurgarður er friðlýstur minjastaður, en það er mesta mögulega vernd sem menningarmínjar á Íslandi geta notið.



Fyrir hundrað og ellefu árum, árið 1922, reistu Sturlubræður, Sturla Jónsson (1861-1947) og Friðrik Jónsson (1860-1938) á Laufásvegi, líklega stærstu einbýlishús sem hafa verið reist á Íslandi, 2000 fermetra hús. Í dag hýsa húsín tónlistarskóla og dagheimili og voru þau teiknuð af Einari Erlendssyni (1883-1968), einum af merkustu arkitektum Íslands. Sturluhúsín við Laufásveg eru í kastalastíl, eins og mörg húsa hans sem skreyta miðbæinn, eins og danska sendiráðið við Hverfisgötu og Galtafell við Laufásveg. Hann skapaði fjöldan allan af byggingum sem setja sterkan svip á miðbæ Reykjavíkur, eins og Fríkirkjuveg 11, og höll Hjálpræðishersins við enda Aðalstræti, Hnitbjörg Listasafn Einaris Jónssonar og Mjólkursamsöluhúsið við Snorrabraut sem er nú í endurbyggingu. Einar starfaði í hálföld, frá 1905 til 1955 sem arkitekt, og fáir hafa sett jafn sterk spor og hann á húsasögu Íslands. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*

# KASTALAR Í REYKJAVÍK



Fríkirkjuvegur 11



Danska sendiráðið



Kastali Hjálpræðishersins



Galtafell



Önnur af Sturluhöllunum, nú leikskóli



Hér er tónlistarskóli til húsa



En er verið að byggja hús í kastalastíl í Reykjavík, hér nýbygging við Laufásveg

# BEST OF ICELAND

Bók um ferðamál, menningu og sögu





# NORRÆNAR VINARJÓÐIR

Sænska sendiráðið  
við Sóleyjargötu



Grænlandska sendiráðið  
er hér til húsa við Túngötu



Norska sendiráðið við Sóleyjargötu  
nær, embættisbústaður  
sendiherrans, fjær.



Finnska sendiráðið við Túngötu



Danska sendiráðið  
við Hverfisgötu



Færeyska sendiráðið við  
Túngötu er á efstu hæðinni  
á Hallveigarstöðum

Það er ekkert alþjóðlegt samstarf eins gjöfult og gott og samstarf Norðurlandanna sem er elsta samstarf í heimi af sínu tagi. Norrænt samstarf á rætur í menningu, efnahagsmálum og stjórnmálum, þar sem samnorrænar aðgerðir mynda virðisauka fyrir alla þá rúmlega 30 milljónir íbúa sem búa á Norðurlöndunum. Samstarfið miðar að því að gera sameiginlega rödd þjóðanna sterkari á alþjóðavísu. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna þar sem mannréttindi og nýsköpun eru í fararbroddi.

Stutt er síðan Norðurlöndin voru eitt þjóðríki, en þau sameinuðust með Kalmar samkomulaginu árið 1297. Það kom brestur í samkomulagið 1521, þegar Danir og Svíar urðu sjálfstæðar þjóðir. Undir hatti Svía voru Finnland og síðan Noregur, Eistland og Lettland, meðan Danir áttu Ísland, Færeyjar og Grænland.

Norðurlandaráð var stofnað 1952, en Finnar ganga ekki í ráðið fyrr en þremur árum síðar, eftir að Stalín deyr. Á þessum tíma vilja Finnar ekki rugga bátnum, með tæplega 2000 km löng landamæri við Sovétríkin sálugu.

Eins og Joe Biden forseti Bandaríkjanna sagði á blaðamannafundi eftir að hafa hitt alla Norrænu forsætisráðherrana á fundi í Helsinki þann 13. júlí: "If we left the important decisions to the Nordics, we'd all be in good shape."

Land & Saga kíkti á öll sex sendiráð Norðurlandanna í Reykjavík í dag. Einfalt verkefni, öll í miðbænum, þrjú á Túngötu, tvö við Sóleyjargötu og eitt á Hverfisgötunni, það danska.

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Njarðargata, frá Hringbraut upp að Hallgrímskirkju í sunnanverðu Skólavörðuholtinu byggðist upp milli 1920 og þrjátíu. Á þessum tíma var ekki bara mikil skortur á húsnæði í höfuðborginni, heldur var takmarkaður innflutningur á byggingarefni, vöruverð hátt, og erfitt að fá veðdeildarlán / húsnæðislán til húsbýgginga. Knud Zimsen sem var borgarstjóri Reykjavíkur á þessum tíma var á þeirri skoðun að ekki mætti gera of miklar kröfur í því húsnæðisleysi sem ríkti, því mestu skipti að fá þak yfir höfuðið, byggja. Hann mun hafa sagt við húsnæðislausa menn sem til hans leituðu í lok fyrra stríðsins: „Farið þið upp í holt og farið að byggja, ég skal láta ykkur hafa götulínuna“ Þannig varð Njarðargatan til. Einn af inngöngunum að miðbænum. Icelandic Times / Land & Saga gekk upp götuna, og festi á filmu eitt eða tvö augablik frá Hringbraut upp að Hallgrímskirkju. Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



# BORG VERÐUR TIL

# HLJÓMAR REGNBOGINN?



Víð Þorfinnstjörn

Hljómskálinn sem stendur við gatnamót Fríkirkjuvegjar, Sóleyjargötu og Skothúsvegjar víð austanverða Reykjavíkurtjörn er byggt fyrir akkúrat 100 árum síðan, árið 1923. Hann er fyrsta húsið á Íslandi sem er sérstaklega byggt fyrir tónlist. Hljómskálagarðurinn, nefndur eftir byggingunni sem stendur við sunnanverða Tjörnina, liggur frá Hljómskálalannum að Þorfinnstjörn, og síðan að Hringbraut.

Garðurinn er nú að ganga í gegnum miklar endurbætur enda orðinn heillar aldar gamall. Hann er frábært útivistarsvæði sem er mikið notað af höfuðborgarbúum og ferðafólki, og er bæði menningar- og náttúruperla. Í Hljómskálagarðinum verpa á annan tug fugla, þar á meðal krían, í hólma í Þorfinnstjörn. Í garðinum er fjöldi listaverka, til að gleðja gesti og gangandi. Reykjavíkurborg hóf miklar framkvæmdir síðastliðið haust til að styrkja upp það svæði syðst í garðinum sem notað er fyrir viðburði, til að mynda á menningarnótt. Verklök áttu að vera í vor. Skipt var um jarðveg og aðgengi fatlaðra og þjónustubíreiða er bætt. Framkvæmdir eru nú á lokametrunum, enda vetur konungur handan við hornið.



Haustlegt og fallett, glittir í Hljómskálann til hægri



Ráðhús Reykjavíkur lengst til hægri, frá Hljómskálagarðinum



Regnboginn liggur frá Hallgrímskirkju í lðnó



Hljómskálinn frá brúnni á Skothúsvegi yfir Reykjavíkurtjörn



Maður og kona (1948) eftir Tove Ólafsson

# HÚS TORFHILDAR HÓLM

Húsið hennar Torfhildar, sem var byggt á Laugavegi 36 árið 1896 og flutt í vesturbæinn árið 2015 og endurgert.

Torfhildur Þorsteinsdóttir rithöfundur, seinna Hólm, var merkileg kona, fædd á Kálfafellsstað í Austur – Skaftafellssýslu árið 1845. Hún bjó í þessu húsi (á myndunum) sem var reist var við Laugaveg 36 árið 1896, frá árinu 1898 þegar hún kaupir húsið, þangað til hún lést úr Spænsku veikinni tuttugu árum síðar árið 1918. Torfhildur varð fyrsti Íslendingurinn sem gerðist atvinnurithöfundur. Hún var einnig fyrst kvenna til að hljóta styrk frá Alþingi Íslendinga, og var hann upp á 500 krónur. Hins vegar voru ekki allir sáttir við að kona fengi skáldastyrk, var styrkurinn því lækkaður niður í 200 krónur og kallaður eknastyrkur. Enda Torfhildur ekja, hún hafði gift Jakobi Hólmi kaupmanni á Skagaströnd 1874, en hann lést ári síðar. Torfhildur var fyrsti Íslendingurinn til að skrifa sögulegar skáldsögur. Hún skrifaði í húsinu á Laugaveginum m.a. skáldsögur um biskupana tvo Jón Vídalín og Benedikt Sveinsson. Þá var hún fyrst Íslendinga til að ritstýra tímaritum, en Torfhildur gaf út tímaritið Draupni árin 1891-1908, Tíbrá ársrit fyrir börn 1892-1894 og tímaritið Dvöl, sem kom út mánaðarlega frá 1901 til dauðadags.

Bakararnir Guðmundur Ólafsson og Stefán Sandholt keyptu síðan húsið 1925, og þegar þeir reisa veglega byggingu sem enn hýsir Sandholt bakaríið á

Laugaveginum árið 1936 er húsið flutt inn á bakhluta lóðarinnar, og lyft upp á steypa hæð. Húsið var ekki í góðu standi 2015, þegar heimilt var að byggja hótél á bakhluta lóðarinnar, húsið fyrir í þeirri framkvæmd. Reykjavíkurborg og Minjavernd gerðu því samkomulag um að flytja þetta sögulega hús og endurgera. Húsinu hennar Torfhildar eða bakaranna var því fundin framtíðarstaður við Starhagan í vesturbænum, og breytt lítillga af Argos arkitektastofu. Hús Torfhildar er nú í einkaeign, steinsnar frá flugbrautar endanum á Reykjavíkflugvelli.

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Torfhildur Þorsteinsdóttir rithöfundur



Húsið hennar Torfhildar, sem var byggt á Laugavegi 36 árið 1896 og flutt í vesturbæinn árið 2015 og endurgert.



# EIN & ÖNNUR KIRKJA



*Hof í Öræfusveit, frá árinu 1883*

Austur er höfuðátt kristinnar trúar, nær allar af þeim 330 kirkjum landsins snú í austur, vestur, og gengið er inn að vestanverðu. Á Íslandi eru samsagt um 330 kirkjur, með öðrum guðshúsum eru þær tæplega 380, þannig að það eru rúmlega þúsund íbúar á hvert guðshús í landinu. Íslendingar tóku kristni árið þúsund, og höfum verið að mestu Lútherskrar trúar síðan um síðaskiptin árið 1550. Kirkjurnar seta ekki bara sterkan svip á höfuðborgina, þar sem Hallgrímskirkja, stærsta kirkja landsins efst á Skólavörðuholtinu er eitt af sterkustu kennileitum Reykjavíkur, þá dómera Dómkirkjan og Fríkirkjan miðbæinn. Þegar ekið er um landið, eru það oftast en ekki kirkjurnar, sem gleðja augað, vel staðsettar á höfuðbólum hverrar sveitar. Icelandic Times / Land & Saga velur hér nokkrar kirkjur, hringinn í kringum landið, kirkjur sem eru bæði einstakar og fallegar. Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson



*Hof Vopnafirði byggð 1901*



*Fríkirkjan í Reykjavík í dag við hlið Listasafn Íslands, kirkjan var vígð árið 1902*



*Hraungerðiskirkja rétt austan við Selfoss, byggð 1902*



*Dómkirkjan á Skálholti kláruð árið 1963*



*Skinnastaðarkirkja, Öxarfirði, eitt fallegasta kirkjusteði á landinu, kirkjan er byggð 1854*



*Gröf í Skafiártungu, einstakur staður frá árinu 1898*

# HVAR & HVENÆR?



Krísuvíkurbjarg

**E**lsta bergið á Reykjaneskaganum er um 500 þúsund ára gamalt við Reykjavík í austasta hluta skagans. Mestur hluti Reykjanes, þar sem nær þrír af hverjum fjórum Íslendingum búa er mun yngri eða 50 til 100 þúsund ára gamall, og nýjasti hlutinn frá því í ár. Semsagt nýtt land, sem er enn í mótun. Gossaga Reykjaneskagans er vel þekkt, síðustu hundrað þúsund árin. Dyngjugos voru algeng þangað til fyrir um 5000 árum, síðan hafa sprungugos verið einráð á um þúsund ára fresti. Hefur hver goshrina staðið í rúmlega 200 ár. Síðasta hrina hófst um miðja tíundu öld, og lauk á seinni hluta þeirrar þrettánda. Nú er hafið nýtt skeið. Eldgosin hegða sér þannig að í upphafi þeirra opnast sprunga og landrek á sér stað. Rekið

er nokkrir metrar í hverri hrinu. Hvert gos er líka í hrinum. Það stendur í fáeina daga eða vikur og síðan er að draga úr virkninni í mánuði eða ár áður en næsta gos verður. Neðansjávargos verða einnig á Reykjaneshryggnum, suðvestur af Reykjanesi. Þau hegða sér svipað og gos undir jökli, með mikilli ösku, og alþjóðaflugvöllur Íslands, Keflavíkurflugvöllur er einmitt á Reykjanesi, ekki langt frá Eldey, sem varð til í Reykjaneseldum á árunum fyrir 1226, eins og Illahraun þar sem Bláa lónið og jarðvarmavirkjunin í Svartsengi eru. En sú eldgosahrina var mjög stór og stóð í þrjátíu ár frá 1210 til 1240. En hvar og hvenær kemur næsta eldgos upp? Er ný eldgosahrina hafin? *Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson*

Eldey rétt vestan við Keflavíkurflugvöll, myndadist í neðansjávareldgosi 1226



Eldur og brennisteinn við Seltún, sem tilheyrir Hafnarfrði



Jarðhiti, eldvirkni í Seltúni, sunnan við Krísuvíkuvatn



Ein stærsta súlubýggð í heimi er í Eldey



Í Krísuvíkurbjargi á sunnanverðum Reykjaneskaga má sjá jarðlög frá fyrri eldgosum

# MÖTTULL UNDIR REYKJANESII

## Eru aðeins um 8 km niður á möttul undir Reykjanesi?

Fjöldi spurninga vakna í sambandi við umbrotin undir Reykjanesi. Það eitt er stórmerkilegt að allir jarðskjálftarnir sem nú koma fram við Grindavík eru grunnir, eins og myndin sýnir. Það eru nær engir jarðskjálftar mældir á meira dýpi en 7 til 8 km undir Reykjanesi. Jarðskorpan undir Reykjanesi virðist því vera frekar þunn, eins og úthafsskorpa.

Hvaða upplýsingar höfum við um þykkt skorpunnar og hita undir henni á Reykjanesi? Við vitum til dæmis út frá jarðborunum að það hitnar mjög rækilega í neðri hluta jarðskorpunnar á utanverðu Reykjanesi. Þegar djúpa Reykjanes borholan var komin niður í um 4.5 km dýpi árið 2017 var hitinn kominn upp í um 535 °C og var hratt vaxandi þegar borun var hætt. Bergfræðirannsóknir sýna að hiti hafi jafnvel náð upp í 650 °C nærri botninum, en berg þarf að fara vel yfir 1000 °C til að byrja að bráðna.



Haraldur Sigurdsson Eldfjalla  
Ljósmyndir: Friðbjófur Helgason

Flest eðliseinkenni bergs breytast þegar hitinn hækkar og vísindin fjalla mikið um breytingu á eiginleikum bergs þegar það hitnar og breytist úr hörðu og föstu bergi í heitt og lint eða mjúkt berg. Þetta nefna vísindamenn brittle to ductile transition. Sumir segja að breytingin hefjist við um 550 °C, en aðrir telja að berg verði mjúkt fyrst við um 700 til 800°C, sem er líklegra. Um leið og berg hitnar að þessu marki og verður mjúkt, þá hættir bergið alveg að bera jarðskjálftabylgjur. Þær deyja út og hverfa í þessum hita og dýpi.

Snúum okkur þá aftur að jarðskorpubrotinu og sigdalnum við Grindavík. Hvers vegna koma engir skjálftar fram á meira dýpi? Það getur stafað af tvennu. Við vitum að undir jarðskorpunni tekur möttullinn við og hann er of heitur til að brotna og valda jarðskjálftum. Undir skorpunni, á meir en 8 km dýpi, er því allt annar heimur, sem er heimur möttulsins, sem nær um 2900 kílómetra niður í jörðina, eða allt niður að yfirborði kjarnans. Hinn möguleikinn er sá að undir 8 km skorpu sé lag af basalt kviku, en allir skjálftar kafna í slíku lagi.

Það er eiginlega sláandi, finnst mér, að allir skjálftar deyja út þegar komið er niður á um 8 km dýpi. Mörkin milli jarðskorpu og möttuls eru ótvíræð undir Reykjanesi, sem minnir okkur rækilega á að höfuðpaurinn í öllum þessum látum hlýtur að vera möttullinn og hann er of heitur til að brotna eins og venjulegt berg. Það er jú hreyfing og þrýstingur í jarðskorpunni,

sem veldur því að skorpan brotnar og sendir frá sér jarðskjálfta. Möttullinn er hins vegar partbráðinn, sem þýðir að hann er blautur af heitri kviku. Það er ef til vill ekki mjög góð samlíking, en það má hugsa sér möttullinn eins og blautan sand í flæðarmáli í fjörinni, þar sem örþunn himna af sjó liggur milli sandkornanna. Á sama hátt er möttullinn blautur, en það er örþunn himna af hraunkviku sem smýgur á milli sandkornanna eða kristallanna í partbráðnum möttlinum. Þar verður hraunkvikan til.

Texti: Haraldur Sigurdsson  
Ljósmyndir: Páll Stefánsson





*Vonin eftir Ragnar Kjartansson*

**A**uðvitað er það sterkt, eins og fólkið í Grindavík, að það fyrsta sem ég festi augu á, komandi inn í tóman bæinn var Vonin, listaverk eftir myndhöggvarann Ragnar Kjartansson. Höggmynd afhjúpuð 1980, á besta stað í bænum. En nú er bærinn tómur. Undir Grindavík og allt um kring frá Bláa lóninu, Svartsengi rétt norðan við bæin og frá Þorbirni og í sjó fram, er eitthvað að gerast. Icelandic Times / Land & Saga fór til að gefa lesendum nasasjón af þessum hamförum, sem engin veit hvar eða hvernig enda. En þar er Vonin, verk sem var sett upp fyrir meira en hálfri öld. Grindavík mun lifa þessa hamfarir af, auðvitað. *Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson*

# GRINDAVÍK & VONIN



*Elliheimilið glíðnað í sundur*



*Allt lokað, samt ekki, örfá fyrirtæki hafa hafid starfsemi, hér verid að sækja kassa til að flytja ferskan fisk með flugi.*



*Allt lokað, engin á ferð, enda er ekki búist við að íbúar flytji til baka á þessu ári*



*Götur og girðingar gengu í gegnum glíðnun jarðar*




*Grindavík, Vonin og fjallið Þorbjörn í bakgrunni*



*Gatan við kirkjuna í Grindavík, glíðnaði í sundur*



*Byrjun á nýju hverfi í Grindavík*



*Stýsta leiðin, milli Reykjavíkur og Grindavíkur liggur í dag um Kleifarvatn, vegurinn í dag, háll og sleipur.*

REYKJAVÍK

## FRÁ REYKJAVÍK, AUSTUR OG VESTUR UM HAF



Í opinberri heimsókn árið 1967, gefur páverandi utanríkisráðherra og verðandi Kanslari Vestur-Þýskalands, Willi Brandt Reykvikungum stytta af Berlínar-birninum eftir listakonuna Renée Sintenis. Á stöpli styttunnar sem stendur nú í Hellusundi, gegnt Þýska sendiráðinu er grafin í vegalengdin til Berlínar. Reykjavík er vel staðsett, mitt á milli tveggja heimsálfa. Sú höfuðborg sem er næst okkur er Þórshöfn í Færeyjum, í 802 km / 498 mi fjarlægð. Lengst er til Wellington höfuðborgar Nýja Sjálands, 17.248 km / 10.717 mi. Örstutt er héðan til Edinborgar höfuðstaðs Skotlands, aðeins 1.215 km / 754 mi, til Osló eru 1.805 km / 1.121 mi, og 1.880 km / 1.168 mi til London. Til Stokkhólms eru 2.177 km / 1.352 mi og lítið lengra til St.John's á Nýfundnalandi 2.618 km / 1.626 mi. Til Moskvu eru 3.320 km / 2.062 mi, frá Reykjavík. Til Peking eru 7.905 km / 4.911 mi, og Tokyo 8.802 km / 5.469 mi, rúmlega helmingi lengra en til New York, sem er aðeins í 4.190 km / 2.603 mi fjarlægð frá Reykjavík. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*

HEIÐMÖRK



### GLAÐIR HESTAMENN Á RAUÐRI JÖRD

Það var glatt yfir þessum þýsku ferðalöngum í hestaferð um Rauðhóla. Rauðhólar er þyrping gervigiga í útjaðri Reykjavíkur. Gígarnir mynduðust fyrir um 5000 árum þegar Elliðaárhraun rann yfir mýrlendi og vatnið undir glóandi hrauninu hvellsauð. Mynduðust þá fagurlega formaðir rauðleitir gjallgígar við gufusprengingar á yfirborði hraunsins. Efnistaka var mikil í Rauðhólum um miðja síðustu öld, meðal annars til að gera undirlag fyrir Reykjavíkurlflugvöll í Vatnsmýrinni í seinni heimsstyrjöldinni. Rauðhólar voru friðaðir árið 1961. Rauðhólar eru nú fólkvangur, og mikill fjöldi fólks og ferfætlinga leggur leið sína um svæðið á góðviðrisdögum, enda steinsnar frá höfuðborginni.

REYKJAVÍK



### TÓMAS VIÐ TJÖRNINA

Í ár fagnar Reykjavík bókmenntaborg UNESCO tíu ára afmæli. Það var þegar Ísland var heiðursgestur bókamessunnar í Frankfurt árið 2011, sem tilkynnt var um þennan eftirsóttta titil til Reykjavíkur, þá fimmta borgin í heiminum að verða þessa heiðurs aðnjótandi. Árinu áður settist borgarskaldið Tómas Guðmundsson (1901-1983) á bekk við Reykjavíkurtjörn og situr þar enn, gestum og gangandi til ómældrar ánægju. Skammt frá styttunni, í Ráðhúsi Reykjavíkur eru erindi úr tveimur ljóðum Tómasar, Júnímorgun og Við Vatnsmýrina skráð á glugga við eystri og vestri inngang Ráðhússins. Fyrir daga Tómasar höfðu fá ljóðskáld gert Reykjavík að yrkisefni, þar var hann brautriðjandi, og því oft kallaður borgarskáld Reykjavíkur.

# HUNDRAD OG FIMMTÍU METRAR AF SÖGU

Elsta og fyrsta gata Reykjavíkur er Aðalstræti, aðeins 150 metra löng, en full af sögu og sögulegum byggingum. Við norðanverða götuna eru elstu mannvistarleifar sem hafa fundist á Íslandi, rústir skála, hugsanlega fyrstu landnámsmannanna, Ingólfs Arnarsonar og Hallveigar Fróðadóttur frá því um 874 +/- Rústirnar sem voru grafnar upp fyrir rúmum 20 árum, eru nú til sýnis á horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis, safn á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur. Safn sem heldur áfram, þar sem saga borgarinnar er rakin í einu elsta húsi landsins í Aðalstræti 10, húsi sem var reist árið 1762 fyrir starfsemi innréttinganna, sem var fyrsti vísir að því að Reykjavík breyttist úr þorpi í bæ og síðan í borg. Má segja að þessi starfsemi innréttinganna gjörbreytti Reykjavík og gerði síðan þorpið að höfuðborg lýðveldisins. Aðal starfsemin í Reykjavík var ullarvinnsla, en það var umfangsmikil brennisteinsvinnsla í Krýsuvík og Húsavík á vegum félagsins. Innréttingarnar voru hugararmið Skúla Magnússonar Landfógeta, föður Reykjavíkur, en stytta af honum stendur í Fógetagarðinum sem er auðvitað við Aðalstræti. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Aðalstræti árið 1900



Skúli Magnússon í Fógetagarðinum við Aðalstræti



Sætt svín við enda Aðalstrætis og Vesturgötu



Fjalakötturinn við Aðalstræti



Á Ingólfstorgi við Aðalstræti



Morgunblaðshöllin, nú Center Hotel við Ingólfstorg, byggt 1955



Aðalstræti 2



Aðalstræti 10, byggt árið 1762, nú frábært Borgarsögusafn



Aðalstræti árið 2023



Á Ingólfstorgi, horft inn Austurstræti



# NÍUTÍU ÁRA GÖMUL GATA

Í sunnanverðu Skólavörðuholtinu í Þingholtunum, í hjarta Reykjavíkur er lítil bogadregin gata, Fjölnisvegur. Gatan byggist upp um 1930, fyrir rúmum níutíu árum, eftir framsæknum hugmyndum Guðmundar Hannessonar sem hann setti fram í bók sinni Um skipulag bæja, sem kom út árið 1916. Það má segja að Fjölnisvegur sé öðruvísi, með einbýlishúsum með stórum lóðum við norðanverða götuna, og fjölbýlishús við gangstéttina að sunnanverðu. Guðmundur var ekki hrifin af stórum fjölbýlishúsum í bók sinni. Það væri hljóðbært milli íbúða í fjölbýli og mikill ágalli í marglyftum húsum séu þreytandi stigar, og skortur á garðblettum til að rækta rótargrænmeti. Dýrasta einbýlishús landsins er Fjölnisvegur 9, en það var selt á síðasta ári fyrir 700 milljónir til Caroline Leonie Keller þýskrar athafnakonu sem hefur búið hér undanfarin ár. Húsið í skipstjórastíl, var teiknað af Péttri Ingimundarsyni fyrir Guðmund Ásbjörnsson forseta bæjarstjórnar Reykjavíkur og kaupmann árið 1929. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Fjölnisvegur árið 2023



Fjölnisvegur uppúr 1930



Fjölnisvegur 9



Fjölnisvegur 5



Fjölnisvegur 9, dýrasta hús landsins



Horft í vestur eftir Fjölnisvegi



Garðvinna í götunni



Fjölnisvegur 9, dýrasta hús landsins, og Hallgrímskirkja



Fjölnisvegur 11



Fjölnisvegur 7

# HUGSA FYRIR ÖLLU

Almannavarnir, sem heyra undir Ríkislögreglustjóra, voru stofnaðar með lögum frá Alþingi 1962. Almannavarnir undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsóttu eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum og veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.

Það mæðir mikið á Almannavörnum, stofnunin var í fararbroddi í aðgerðum sem snéru að Covid-19, og nú hafa orðið þrjú eldgos á jafn mörgum árum á Reykjanesi. Þar sem Almannavarnir þurftu að loka svæðum og fylgjast vel með gasmengun, ösku og hraunrennsli, hvar og hvort það ógnaði mannvirkjum eða byggð. Nú berast fréttir að það sé aukin hiti farin að myndast austan við Keili, nær höfuðborgarsvæðinu. Ef byrjaði að gjósa þar er líklegt að hraun renni í norður í átt að vegi 41, Reykjanesbraut, sem tengir saman höfuðborgarsvæðið og alþjóðaflugvöllin í Keflavík, og Reykjanesbæ, fjórða stærsta bæ Íslands.

Land & Saga kannaði hvort og hvaða ráðstafanir Almannavarnir hafi ef þarna yrði gos. Hjördís Guðmundsdóttir hjá Almannavörnum



Keilir í fjarska á miðri mynd, fremst nýjasta hverfið í Hafnarfirði, Vellirnir, sem byggt er á hrauni, enda stutt í eldstöðvarnar á Reykjanesi

sagði okkur að bæði verkfræðistofur og jarðvísindamenn hafi unnið líkön og kort fyrir Almannavarnir, um hugsanlegt hraunflæði, en... síðan er náttúran svo mikið ólíkindatöl, að það er aldrei hægt að vera með eitthvað fullkomið plan. Það eru svo margir óvissuþættir, hvar gosið kemur upp, hvað það er stórt, hvort því fylgi mikið gasuppstreymi eða aska. Svo það er raunverulega ekkert plan til... fyrr en það fer að gjósa. En við höfum lært mikið á þessum þremur gosum, lærdómur sem hjálpar okkur mikið, þegar eða ef það byrjar að gjósa þarna aftur. Ef svo óheppilega vildi til að Reykjanesbrautin myndi lokast, þá er í dag varaleiðin, Suðurstrandarvegur, mun lengri, svo samgöngur á landi myndu ekki rofna þrátt fyrir að Reykjanesbrautin færi undir hraun. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Við Reykjanesbraut



Það er hrjóstugt á Reykjanesi



Keilir, bakvið bifreiðina, blasir við frá Reykjanesbrautinni



Reykjanesbraut er sá þjóðvegur sem er með lang mesta umferð, hér í útjadhri Hafnarfjarðar. Alverið í Straumsvík í bakgrunni



Veitingastaðurinn Sjáland í Sjálandi

# SJÁ LAND

Það eru tæp tuttugu ár síðan Sjálandshverfið í Garðabæ reis, eftir hugmyndum Björns Ólafs arkitekts. Hverfið með 750 íbúðum og rúmlega 2200 íbúum, hönnuð af fjölda arkitekta til að gefa hverfinu svip sem ekki er eintóna. Rithöfundurinn Hallgrímur Helgason átti síðan bæði hugmynd að nafni og götunöfnum í þessari sérstöku byggð við suðurenda Arnarnesvogs að Gálfahrauni. Þaðan er örstutt út á Álftanes, til Bessastaða, bústaðar Forseta Íslands. Fá hverfi á öllu höfuðborgarsvæðinu hafa eins góða sjávarsýn eða jafn góða hjóla- og göngustíga eins og Sjálandshverfið í Garðabæ, bæ sem vaxið hefur hvað hraðast á Íslandi síðustu ár. Verður jafnvel fjölmennari en Akureyri innan skamms. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Hjólað framhjá Sjálandi



Sólin kysst í Sjálandi



Það er hægt að stóla á fólkið í Sjálandshverfinu



Spenskir ferðamenn frá Valensíu, áttu orð um hverfið og veðrið



Allir litir leyfilegir

# KONAN Í VERKUM ÁSMUNDAR SVEINSSONAR



**K**onan var Ásmundi Sveinssyni (1893-1982) myndhöggvara hugleikið myndefni. Hvort sem verk hans sýna munaðarfulla ástkonu, móður sem heldur verndarskildi yfir barni sínu, stritandi verkakonu eða tryllingslega tröllkonu, þá endurspeglar þau mismunandi hlutverk og hliðar konunnar.

## HIN VINNANDI KONA

Á fjórða áratug síðustu aldar vann Ásmundur fjölmörg verk með íslenska alþýðu í huga. Þessi félagslegu raunsæisverk sýna oftast en ekki konur við vinnu sína og bera nöfn á borð við: Kona að strokka (1934), Vatnsberinn (1936) og Þvottakona (1937). Stytturarnar, sem sýna stórgerðar og kraftmiklar konur, eru flestar gegnheilar sem gerir það að verkum að konan og vinnan virðast renna saman í eina massífa heild. Verkin má túlka sem lofsöng til íslenskra verkakvenna sem með eljusemi sinni ólu önn fyrir fátækri landbúnaðarþjóð.

## KONAN SEM TÁKN

Það var fjallamynd Íslands sem var Ásmundi ofanlega í huga við gerð Vatnsberans. Konan sem táknmynd náttúrunnar er jafnvel enn greinilegri í verkunum Móðir jörð (1936) og Tröllkonan (1948). Móðir jörð sýnir konu



sem krýpur yfir barni um leið og hún gefur því brjóst. Formgerðin er nær klassískur pýramídi eða fjall og endurspeglar táknað hlutverk náttúrunnar að næra mannkynið. Tröllkonan, sem er óhlutbundnara verk, hefur jafnframt beina skírskotun til íslenskrar náttúru, en skessan minnir mest á steinrunnið tröll með öllum sínum hellum og fjallstoppum.

## MÓÐIRIN

Ásmundur var óþreytandi við að túlka tengslin milli móður og barns, en móðurástina sá hann fyrst og fremst sem verndandi afl. Í verkinu Fýkur yfir hæðir (1933), en nafnið vísar í samnefnt ljóð Jónasar Hallgrímssonar, má sjá konu faðma að sér barn um leið og mjúkar bogadregnar línur líkamans sveigjast eins og til að skýla því undan óveðri. Jafnvel enn átakanlegra er verkið Móðurást (1948), en þar bograst kona með barn í fanginu með gat á bringunni; líkt og búíð sé að skjóta af henni annað brjóstið. Verkið er bein tilvísun í heimstýrjöldina og hverníð frumeðli móðurinnar birtist andspærnis hryllingi stríðsins.

Þrátt fyrir endurtekin leiðarstef þá eru kvenmyndir Ásmundar jafn ólíkar og þær eru margar, enda var myndmál hans í stöðugri endurnýjun. Ófáir íslenskir listamenn eru til að mynda jafndjarfir að blanda saman hinum ýmsu „ismum“ ásamt því að skipta um efnivið og aðferðafræði eftir því sem viðfangsefninu hæfir og Ásmundur.

Kvenmyndir Ásmundar ásamt öðrum höggmyndum hans eru til sýnis í Ásmundarsafni. Safnið, sem staðsett er í Sigtúni í Reykjavík, var áður heimili hans og vinnustofa. Eins og áður hefur komið fram, þá var „vinnan“ sem fyrirbæri honum hugleikin og því þótti honum mikilvægt að reisa og hanna bygginguna að mestu leyti sjálfur. Formgerð safnsins, ásamt fjölmörgum útilistaverkum á lóðinni í kring, skapar áhugaverða heild sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. -HK

# Á VERÐUR FLJÓT



*Háspennumöstur Þjórsárdal*

Upphafi síðustu aldar hefst rafvæðing á Íslandi. Fyrsta vatnsaflsstöðin er reist í Hafnarfirði árið 1904 af Helga M. Sigurðssyni trésmíðameistara, sem lýsti upp hálfan bæinn í byrjun. Næsta bæjarfélag til að rafvæðast var Eskifjörður en Ljósá í firðinum var virkjuð árið 1911. Fyrsta stóra vatnsaflsvirkjun á landinu er reist í Elliðaá í Reykjavík árin 1919 til 1921 þegar höfuðborgin er rafvædd. Næsti kafli rafvæðingar er rétt fyrir seinna stríð, þegar stórar virkjanir eru reistar í Soginu við Þingvallavatn og í Laxárdal á norðausturlandi til að rafvæða allt landið. Þriðji og síðasti kafllinn í sögu raforkuframleiðslu hefst 1965, þegar Landsvirkjun er stofnuð til að setja upp stórvirkjanir til að selja orku til stóriðju. Fyrsta stóra virkjunin, Búrfellsvirkjun í Þjórsá er gangsett árið 1972. Hún er nú önnur stærsta vatnsaflsvirkjun landsins, framleiðir 270 MW. Kárahnjúkavirkjun í Jökulsá á Dal, fyrir austan er lang stærst, framleiðir 690 MW. Þriðja stærsta virkjunin er Hrauneyjafoss í Þjórsá með 210 MW, Blönduvirkjun í Blöndu er í fjórða og fimmta sæti með Hrauneyjarfossstöð í Þjórsá, en báðar eru þær 150 MW að stærð. Þjórsá á Suðurlandi er sú á þar sem mest af rafmagni er framleitt, meðan vatnsmesta og orkumesta á landsins, Jökulsá á Fjöllum er óbeisluð. Enda rennur hún úr Vatnajökli í Öxarfjörð að mestum hluta í Vatnajökulsþjóðgarði. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



*Þjórsá við Hofsjökul*



*Laxárvirkjun*



*Frá byggingu Kárahnjúkavirkjunar, stærstu á landinu árið 2006*



*Hafragilsfoss í Jökulsá á Fjöllum*

Fé við Kiðey á Fellsströnd

# DALIR & SAGA



Hestar í Hvolsdal

Dalasysla ber af öllum héruðum og sýslum á Íslandi hversu sögufræg hún er. Dalasysla á ein allra héraða á landinu með óslitna skráða sögu frá landnáms tíð til nútímans. Fyrst í Landnámu, Laxdælu og Eyrbyggjasögu, Eiríks sögu rauða og auðvitað í Sturlungu frá lokum 11. aldar. Í Dalasýslu bjó Eiríkur Rauði, fyrstur norrænna manna til að setjast að Grænlandi, á Eiríksstöðum í Haukadal. Á Eiríksstöðum fæddist honum sonurinn Leifur Eiríksson sem varð síðar fyrsti evrópubúiinn sem sá Ameríku árið 1000, enda heppin að endemum. Hvammur í Dalasýslu á sér merka sögu, þar nam land Auður hin djúpúðga árið 889, tignust allra landnámskvenna, og eina drottningin sem hvílir í íslenskrri mold. Tveimur öldum síðar eignuðust Sturla Þórðarson og Guðný Böðvarsdóttir í Hvammi þrjá sonu, Þórð, Sighvat og Snorra, sem allir urðu miklir höfðingjar, svokallaðir Sturlungar. Eru síðustu áratugir þjóðveldisins á Íslandi kennt við þá og nefnd Sturlungaöld. Icelandic Times / Land & Saga átti leið um sýsluna, hitti ekkert af þessu merka fólki, í staðinn var einbeitt sér að mynda landslagið í Dalasýslu, enda óvída fallelgrí fjöll og strendur en þarna við innanverðan Breiðafjörðinn á norðanverðu vesturlandi. *Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson*



Höfnin við Skarð á Skarðsströnd



Fé í Fagradalshlíð á Skarðsströnd



Saurbæjarfjara, horft í norðaustur að Gilsfirði



Horft út á Flakkarnes og þúsundir eyja og skerja norðan við bæinn Á á Skarðsströnd



Lækur rennur niður Ormstaðafjall á Fellsströnd



# AUÐVITAÐ VESTFIRÐIR

*Bildudalur í Arnarfirði*

Í könnun Ferðamálaráðs 2021, kom fram að átta af hverjum tíu ferðamönnum sem heimsóttu landið, voru að koma til landsins í fyrsta sinn. Það var náttúran sem dró 95% ferðalangana hingað til Íslands, og 90% komu hingað í frí. Tveir þriðju ferðamannanna leigðu sér bílaleigubíl við komuna. Til höfuðborgarinnar komu 95% ferðamanna, 85% heimsóttu Suðurland, 75% Reykjanes, 60% Vesturland, tæplega 50% norðurland, og 40% heimsóttu Austurland. Þá eru Vestfirðir eftir, eða mætti frekar segja útundan. Því einungis 18% ferðamanna heimsóttu landshlutan. Sem er samt einn sá fallegasti á öllu landinu. Þarna eru fallegir firðir, fossar, lítil sjávarþorp og stærstu fuglabjörg landsins. Þarna er líka stærsta friðlandið, Hornstrandir, og fallegasta ströndin, Rauðisandur. Hér koma nokkrar svipmyndir frá svipsterkum Vestfirðum. Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson



*Rauðisandur á Barðaströnd, í fjarska má sjá eitt stærsta fuglabjörg á norðurbveli jarðar, Látrabjarg*



*Fossinn Dynjandi í Arnarfirði*



*Hrafnseyri við Arnarfjörð, safn og fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar Forseta sem fæddist árið 1811*




# NÆST NYRST



**H**ornstrandir nyrsti hluti Vestfjarða, og er eina stóra landsvæði Íslands sem enn þann dag í dag hefur farið í eyði. Það gerðist fyrir rúmum sjötíu árum. Hornstrandir eru næst Grænlandi, það eru bara 280 km, þaðan yfir Grænlandssund til Grænlands. Hornstrandir voru gerðar að friðlandi árið 1975. Hornstrandir hefur (lang) lægstan árs meðalhita á landinu, en á miðöldum og í Móðuharðindunum, var þetta eina landsvæði landsins þar sem engin svalt. Alltaf til nægur matur. Það gerðu fuglabjörgin, en tvö af stærri fuglabjörgum norðuheims, Hælavíkurbjarg og Hornbjarg drógu björg í bú, ásamt sjósókn, en mikil og góð fiskimið eru rétt fyrir utan. Þegar nútíminn kemur til Íslands um og uppúr 1900, fjölga fólki á Hornströndum, verður á annað þúsund 1920, rúmlega tuttugu árum seinna, eru allir farnir. Ekki enn á nyrsta annesi landsins, Melrakkaslétta, þar er enn lífsmark.

Allar myndirnar eru af Hornbjargi, frá mismunandi sjónarhornum, bjargið sem svæðið er kennt við. Plús einn yrðlingur á hlaupum, eina ferfætla dýrategundin sem á fasta búsetu árið um kring. *Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson*



# MILLI TVEGGJA BJARGA

*Helavíkurbjarg fremst, hofi yfir Hornvík, Hornbjarg bandan vikurinnar*

*Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*

**H**ornvík á Hornströndum, liggur milli tveggja af stærstu fuglabjörgum á Íslandi, að vestan er það Hælavíkurbjarg og að austan Hornbjarg. Fyrir á öldum voru þrjár bæir í vikinni, Horn sem fer í eyði 1946, Höfn sem fer í eyði árið 1944, þar er nú þjónustuhús landvarða á Hornströndum, og Rekavík bak Höfn sem fer í eyði sama ár. Hornstrandir eru nyrsti hluti Vestfjarða, og voru gerðar að friðlandi ásamt Jökulfjörðum árið 1975. Mikil byggð, þótt harðbýlt væri, var þarna þangað til um miðja síðustu öld, þegar allt svæðið fór í eyði. Engar vegasamgöngur eru við eða í friðlandinu, þarna er notast við tvo jafnfljóta til að kanna og skoða þetta svæði, sem er eitt það ónortastasta, kaldasta, og jafnframt fallegasti hluti Íslands. Um það eru næstum því allir sem hafa komið á Hornstrandir sammála. Og Hornvík er besti staðurinn til að byrja á því að kanna svæðið, sem er bæði bratt undir fót, og ótrúlega fjölbreytt, í sinni dimmu köldu þoku, eða logni og sól sem á engan sinn líkan í lýðveldinu. Bátsferðir inn á svæðið, Jökulfirði og Hornstrandir eru í boði bæði frá Bolungarvík og Ísafirði.



*Hornbjarg*



*Helavíkurbjarg yfir Hornvík*



*Hornbjargsviti, og veðurathugunarstöð á Horni undir Hornbjargi*



*Berinn Horn í Hornvík, fór í eyði 1946, nú notaður sem sumarhús*



# SIGLUFJÖRÐUR ER NÆST OG NÆST

*Siglufjörður fyrir 70 árum, möstur sildarbatanna fylla Siglufjörð (ljósmyndari óþekktur)*



*Siglufjarðarhöfn*

**S**iglufjörður, er einstakur bær. Eitt fallegasta bæjarstæði í Lýðveldinu, næst nyrsti bær landsins á eftir Raufarhöfn. Fyrir rúmri hálfri öld var Siglufjörður næstum því næst stærsti bær landsins á eftir höfuðborginni, lungan úr árinu, þegar sildarvertíðin var um miðja síðustu öld. Þúsundir komu alls staðar að til að efnast. Margir gerðu það gott. Bær sem skapaði mikil verðmæti, og menningar páfa, en margir merkismenn eigu sínar rætur frá bænum. Í dag er öllu rólegra, en nú er Siglufjörður snotur bær með um 1200 íbúa, og hluti af Fjallabyggð, bæjarfélag sem nær yfir nyrsta odda Tröllaskaga. Siglufjörður óbyggður Héðinsfjörður og síðan Ólafsfjörður með um 750 íbúa eru hinir hlutar sveitarfélagsins. Siglufjörður statar af besta skiðasvæði landsins, næstbesta safn landsins, Síldarminjasafninu, og þriðja besta miðnætursólsetrinu á sumrin, á eftir Raufarhöfn og Þórshöfn austur í Norður-Þingeyjarsýslu. Frá höfuðborginni eru akkúrat 400 km til Siglufjarðar, og frá Akureyri einungis klukkutíma akstur, eftir vestanverðum Eyjafirði, í ekki næst besta, heldur lang besta fisk og franskar (fish and chips), í Lýðveldinu.

*Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson*



*Haflíði Guðmundsson við Þjóðlagasetrið*



*Sildarminjasafnið*



*Aðalgata á Siglufirði*



*Siglufjörður í allri sinni dýrð*



*Miðbær Siglufjarðar*

# ALVEG ÓTELJANDI

*Vatnsdalsfjall*

Samkvæmt gömlum þjóðsögum eru bara þrír óteljandi hlutir í náttúru Íslands. Eyjarnar í Breiðafirði, vötnin á Arnarvatnsheiði og hólarnir í Vatnsdal. Allt staðir á vestur helmingi landsins. Vatnsdalshólar er víðáttumikil hólabyrping í mynni Vatnsdals í Austur-Húnavatnssýslu. Hæstu hólarnir ná nærri 90 metra hæð yfir sjávarmáli. Talið að hólarnir hafi myndast við gríðarmikið berghlaup úr Vatnsdalsfjalli. Enda eru skriðuföll tíð úr fjallinu, en ein mannskæðasta skriða sem fallið hefur á Íslandi, var þarna árið 1545 þegar skriða eyddi bænum Skíðastöðum. Vestast í Vatnsdalshólunum eru þrír samliggjandi hólar, Þristapar, þar fór fram síðasta aftakan á Íslandi þann 12. janúar 1830 þegar Friðrik Sigurðsson og Agnes Magnúsdóttir voru hálshöggvin fyrir að drepa tvo menn. Öxin og höggstokkurinn voru fengin að láni frá Kaupmannahöfn, því ekki var til þesskonar verkfæri í landinu, en aftaka hafði ekki farið fram á Íslandi í 40 ár, síðan 1790. Um 150 manns voru viðstaddir aftökuna. Mikið hefur verið ritað um ævi Agnesar, meðal annars verðlaunabókin, Náðarstund, Agnes Magnúsdóttir, ást hennar, glæpur og aftaka, eftir ástralska rithöfundin Hönnu Kent.

*Ljósmyndir & text : Páll Stefánsson*



*Horfi yfir Flóðið í Vatnsdal*



*Vetrarfeegurð í Vatnsdal*



*Hestar á vetrarþétt á einum af óteljandi hólum í Vatnsdal*



*Horfi í vesturátt yfir Vatnsdalsá*

*Héraðsflói, en þar falla út tvær af höfuðfljótum fjórðungsins, Jökulsá á Dal og Lagarfljót*

# AUÐVITAÐ AUSTURLAND

Þegar horft er á tölur, hvort það sé frá Ferðamálastofu eða Vegagerðinni, eru tveir landshlutar útundan í ferðamennsku á Íslandi, Vestfirðir og Austfirðir. Auðvitað er langt austur eða vestur. Alþjóðaflugvöllurinn í Keflavík, þangað sem 99% ferðamanna koma, og höfuðborgin Reykjavík eru langt í burtu. Sex tímar vestur á Ísafjörð akandi, helmingi lengra austur. Hér eru nokkrar myndir, sýnishorn að austan, myndir teknar á síðustu árum. Austurland býður upp á ótal möguleika. Ótrúlega sterka náttúru, kyrrð og veðurfar sem er mun blíðara en á suður og vesturlandi, þangað sem mikill meginþorri gesta sem heimsækir Ísland sér og upplifir. Góða ferð. *Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson*



*Herðubreid séð frá Möðrudal*



*Sundlaugin á Neskaupstað*




*Eskifjörður í miðju landsblutans*



*Lækir undir Snæfelli*



*Hreindýr finnast á Íslandi bara á Austfjörðum*



*Fé undir Búlandstindi í Berufirði*



# HÓFSTILLT FEGURÐ

*Eyðibýlið Steinatún*

**B**akkafjörður liggur milli Þistilfjarðar og Vopnafjarðar á norðausturhorni Íslands. Fámennit byggðarlag þar sem tíminn gengur hægar, allt svo hófstíllt, bæði landslagið og mannlífið. Síðan er það veðrið og birtan, þar er engin lognmolla. Paradís fyrir ljósmyndara. Frá Reykjavík er engin staður eins langt í burtu, það tekur góða tíu tíma að komast frá höfuðborginni þangað í friðsældina og fegurðina. Bakkafjörður er í dag hluti af Langanesbyggð. Þar á bæ eru stór áform um að byggja stærstu höfn landsins í Finnafirði

í Bakkafirði. Umskipunarhöfn fyrir stór gámaskip sem koma frá Asíu norðurleiðina, norðan við Rússland, þegar sú siglingarleið opnast. Það er verkfræðistofan Efla sem er að vinna með heimamönnum og Bremenports í Þýskalandi að tillögum um þessa risahöfn. En svæðið er einstaklega gott frá náttúrunnar hendi til stórskipahafnar. Eins er staðsetning frábær fyrir umskipunarhöfn, stutt vestur til Ameríku eða suður til Evrópu. Hér koma nokkrar stemmingar frá Bakkafirði. *Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson*



*Þorvaldsstaðir í Bakkafirði*



*Fjörugrjót í Finnafirði*



*Glittir í Langanes í sortanum*



*Bakkafjörður*



*Vetrarfeegurð í Bakkafirði*



*Sauðfé, Bakkafirði, en helstu atvinnugreinarnar eru sauðfjárrækt og smábátatúgverð*



*Vegur 85, Horft af Sandvíkurheiði niður í Bakkafjörð. Heiðin tengir Bakkafjörð við Vopnafjörð, og síðan áfram austur á Hringveggi*



*Rekaviður*



*Skreidarhjallur*

# ER TORFAJÖKULL NÆSTUR?

Torfajökulssvæðið er mjög lítríkt

Falinn að Fjallabaki er Torfajökull. Eldstöð, þar sem næst stærsta háhitasvæði landsins er á eftir Grímsvötnum í miðjum Vatnajökli. Torfajökull hefur gosið tvisvar frá landnámi. Fyrst árið 872, árið sem hjónin Ingólfur Arnarson og Hallveig Fróðadóttir settust hér að, fyrstir landnámsmanna í Reykjavík. Sumir halda því reyndar fram að hjónakornin hafi komið tveimur árum seinna, og þá misst af gosinu. Síðan gaus aftur árið 1480, árið sem Íslendingar sendu kvörtunarbréf til Kristjáns 1. Danakonungs



Margar ár og lakir renna frá Torfajökli, eins og þessu við retur eldfjallsins, þarna verða flóð, ef eða þegar fer að gjósa




Laugahraun frá 1480 (sumir segja 1477) hestarnir í forgrunni eru yngri

um að banna vetursetu útlendinga á Íslandi. Þeir stórkaði landið með því að lokka til sín vinnufólk frá sveitabæjum, þar sem bændur þurfa nauðsynlega á vinnuaflinu að halda á sínum kotum. Hrafninnuhraun við Hrafninnusker myndaðist í fyrra gosinu, Námshraun og Laugahraun í Landmannalaugum í því síðara.

Nú er hafið landris undir Torfajökli, einni stærstu eldstöð landsins, og ef þar hefst gos, verður það stórt, alvörugos. Allt öðruvísi en þessi litlu fallegu túristagos sem hafa verið við Fagradalsfjall á Reykjanesi undanfarnin þrjú ár. Þarna mun bæði koma upp ómæld aska sem mun dreifast um landið, eftir vindáttum, og auðvitað hraun, sem á þó langan veg frá hálendi suðurlands og niður í byggð. Beint í suður frá Torfajökli er Vík í Mýrdal, í 50 km fjarlægð, beint í austur að sjó frá Torfajökli er Fagurhólmsmýri, í Örefasveit, undir hæsta tindu landsins Hvannadalshnjúk í 120 km fjarlægð. Beint í norður frá Torfajökli er Siglufjörður í 252 km fjarlægð, beint í vestur endar maður á Keflavíkurflugvelli í 170 km fjarlægð. Margar stórar eldstöðvar eru í næsta nágrenni við Torfajökul. Katla er í 30 km fjarlægð, Eldgjá 20 km frá jöklinum, og Laki er 75 km í burtu.

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Á þessu nýja korti af Torfajökli frá Veðurstofu Íslands, sést landrisið vel, rautt á mynd



Torfajökull í sumarþúningi



# FRÁ 1773

Eldgosið í Holuhrauni 2014

Á síðustu 250 árum, eða frá árinu 1773, hafa verið 88 eldgos á Íslandi, flest í Grímsvötnum í miðjum Vatnajökli sem gaus litlu gosi árið 1774, fyrir 249 árum síðan. Grímsvötn er lang virkasta eldstöð landsins, en á síðustu tvö hundruð og fimmtíu árum hefur gosið þar þrjátíu og tvisvar sinnum, sem er einn þriðji af öllum gosum á Íslandi á síðustu 250 árum. Gosin í Grímsvötnum eru frekar lítil ef miðað er við stærstu gosin á þessu langa tímabili.

Stærsta gosið eru Skaftáreldar við Laka árin 1783-1784. En þar varð til mesta hraunrennsli í árþúsundir í einu gosi í heiminum. En flatarmál hraunsins er 580 km<sup>2</sup>. Um tuttugu prósent þjóðarinnar dó í þessum hörmungum, og 75% af búfénaði, sem kallaði á hungursneyð, ekki bara á Íslandi. Móðan mikla sem fylgdi eldgosinu, varð til þess að uppskerubrestur var bæði vestan- og austan hafs og sagnfræðingar ætla að franska stjórnarbyltingin 1789 hafi hafist vegna áhrifa frá gosinu við Laka.

Næsta stóra gos, er rúmum hundrað árum síðar við Öskju, mikið öskugos, sem varð til þess að margir íbúar austurlands fluttu til vesturheims, enda lagðist þykkt öskulag yfir stóran hluta af eystri helmingi landsins. Askja, er nú að búa sig undir gos, sem gæti hafist á næstu 12 mánuðum. Árið 1918 er næsta stóra eldgos, í Kötlu í Mýrdalsjökli. Hekla kemur með stórt eldgos 1947, og síðan er mjög stórt gos sunnan við Vestmannaeyjar árið 1963, þegar Surtsey myndaðist. Tíu árum síðan verður öflugt gos í Heimaey, stærstu eyjunni í Vestmannaeyjum.

Síðan koma mörg smærri gos, flest fjarri byggð, og við Mývatn, Kröflueldar. Það er ekki fyrr en árið 2010, að aftur verður stórt gos, þá í Eyjafjallajökli. Síðan annað, sunnan við Öskju árið 2014, í Holuhrauni. Hvar næsta stóra gos verður, er auðvitað ekki vitað, hvort það verður á Reykjanesi, sem er að vakna með þremur litlum eldgosum á jafn mörgum árum eftir 800 ára hlé, eða verður það í Öskju, Kötlu eða Torfajökli? Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Jarðhiti við Öskju, eina afokkar al öflustu eldstöðvum



Hér glittir í þungbúna Heklu síðsumars. Hvenær gýs bún næst?



Við Laka, þar sem stærsta braun mannkynsögunnar rann fyrir 240 árum, með þvílíkum hörmungum ekki bara fyrir land og þjóð, heldur alla heimsbyggðina

# BOBBY OKKAR FISCHER



Laugardælakirkja, í Flóa, þar sem Bobby er grafinn

**N**ú í júlí er hálf öld og ári betur síðan einvígi aldarinnar í skák var haldið í Laugardalshöllinni milli þáverandi heimsmeistara í skák Boris Spassky frá Sovétríkjunum og Bandaríkjamannsins Bobby Fischer. Hann var fyrstur þeirra að vinna keppnina og það í miðju kalda stríðinu.

Heimsmeistarakeppnin hófst árið 1866, fyrir tæpum 160 árum. Fyrsti heimsmeistarinn var William Steinitz frá Austuríska-Ungverska Keisaradæminu, og hélt hann titlinum til 1892 þegar Emanuel Lasker frá öðru keisaradæmi, því þýska vann. Hélt hann titlinum í 27 ár, þangað til kúbverjinn José Raúl Capablanca y Graupera tók titilinn. Hann var heimsmeistari næstu 7 árin, eða þangað til franskur rússinn Alexander Aleksandrovich Alekhine vann titill 1927. Það er síðan árið 1972, sem það er ekki Rússi/Sovétmaður sem er heimsmeistari, þegar Bobby vann Boris í Laugardalshöllinni, þá aðeins 29 ára gamall. Verðlaunaféð var 150 þúsund dollarar. Til að setja það í nútíma samhengi þá fékk Jack Nicklaus, 25 þúsund dollar að vinna í Augusta, Opna meistaramótið í golfi sama ár. Fischer eignaðist marga góða vini á Íslandi meðan á einvíginu stóð, og eyddi síðustu árunum hér, sem íslenskur ríkisborgari, en hann, einn mesti snillingur skáksögunnar, var erfiður í lund, sannarlega sérstakt séni. Hann lést árið 2008, aðeins 64 ára gamall. Hann var jarðsettur að eigin ósk í kirkjugarði Laugardælakirkju við Selfossi þann 21. janúar 2008. Land & Saga heimsóttu Bobby í sumarblíðunni á suðurlandi.

Ljósmyndir & text: Páll Stefánsson



Blessuð sé minning hans



Einmanns legsteiinn Fischers



Einvígi aldarinnar 1972



Skák, ekki mót, í Laugardalshöllinni árið 1972



**STRACTA HÓTEL** er í rúmlega klukkustundar akstri frá Reykjavík og þaðan er stutt í allar helstu náttúruperlur Suðurlands. Það er kjörið að dvelja á hótelinu og fara í dagsferðir þaðan til að skoða öll helstu náttúruundur Íslands.

Rangárflatir 4, 850 Hella  
+354 531 8010  
info@stractahotels.is  
www.stractahotels.is/



**5 SÖFN Á AKUREYRI** – Einn aðgangsmiði gildir á 5 söfn. Minjasafnið á Akureyri, Nonnahús, Leikfangahúsið, Daviðshús og Laufás.

Akmus.is eða fylgdu okkur á Facebook & Instagram



# ICELANDIC TIMES



www.icelandictimes.com

# ÞURÍÐUR & STOKKSEYRI

Sólsetur frá Stokkseyri



Þrír hestar og Knarrósviti, rétt austan við Stokkseyri byggður 1939

Á 19. öld býr einn mesti kvennskörunugur Íslands, Þuríður formaður á Stokkseyri. Formaður var það sem við köllum á nútímamáli skipstjóri. Þuríður stundaði sjóinn til ársins 1843, þegar hún kom í land, 66 ára gömul. Hún var fædd á næsta bæ, Eyrarbakka árið 1777, sem þá var einn stærsti verslunarstaður landsins. Árið 1949 var endurbyggð Þuríðarbúð, nálægt þeim stað sem Þuríðarbúð stóð forðum. Það tíðkaðist ekki á þessum tíma, og er reyndar enn að kvennfólk sóttu ekki sjóinn, hvað þá að vera skipstjórar. Stokkseyri ein af þessum földu perlum. Þarna mætist nútíminn og fortíðin í skemmtilegri blöndu við fallega suðurströndina. Í dag búa 521 manns á Stokkseyri, en bærinn fær nafn sitt af setstokkum sem landnámsmaðurinn Hásteinn Atlason, sonur Atla jarls hins mjóa, henti fyrir borð árið 899 og ráku þær á land þar sem nú er Stokkseyri. Hann nam þar land. Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Róið í miðbænum



Stokkseyrarkirkja byggð 1886



Þuríðarbúð



Gallerj-K á Stokkseyri



Götumynd frá því um 1900



Tjaldbótel, rétt austan við Stokkseyri

## BYGGÐASAFN ÁRNESINGA KYNNIR:

# KONURNAR Á EYRARBAKKA

Byggðasafn Árnesinga samanstendur af allmörgum húsum sem flest standa saman í hjarta Eyrarbakka. Móttaka safnsins og um leið stærsta sýningarrýmið er í Húsinu, fallegu og sögufrægu kaupmannsheimili þar sem rúmlega 200 ára gömul saga verslunar og menningar birtist gestum. Þann 9. júní opnar sumarsýning byggðasafnsins og þar eru saga kvenna á Eyrarbakka á 20. öld í aðalhlutverki.

### BÍLTÚRAR SEM URÐU AÐ BÓK

„Sýningin nefnist Konurnar á Eyrarbakka og byggir hún á viðtalsbók Jónínu Óskarsdóttur, Konurnar á Eyrarbakka – Sitthvað af konu minni hverri. Þar tekur hún viðtöl við 38 einstaklinga til að skyggjast inn í líf og störf kvenna á Eyrarbakka á síðustu öld,“ segir Linda Ásdísardóttir, safnvörður við Byggðasafn Árnesinga. Kveikjan að bókinni voru bíltúrar sem Jónína fór í með móður sinni um bæjarfélagið. „Hvenær sem mæðgurnar fóru á rúntinn á Eyrarbakka rakti mamma Jónínu ævi og örlög kvennanna sem hún þekkti til í plássinu, þegar ekið var hjá húsi herrar og einnar,“ útskýrir Linda. Jónína, sem starfar sem sérfræðingur á Borgarbókasafni Reykjavíkur, hefur undanfarin ár lagt stund á meistaranám í ritlist við Háskóla Íslands og fengið birtar bæði smásögur og ljóð í tímaritum og bókum. Hún sá þegar í stað að hér var kominn áhugaverður efniviður sem yrði að gera ítarlegri skil. Þannig urðu bíltúrnir kveikjan að öðru og miklu stærra verki, bókinni sem kom út á síðasta ári.

Sýningin hverfist þannig um þessa miklu samtvinningu á lífi kvenna á 20. öldinni. Þarna birtist ljóslifandi sameiginleg reynsla þeirra í hversdagslífinu, sorgir og sigrar, „og ekki síst samhjálpin þegar á þurfti að halda sem er svo mikill og sterkur þráður í þessari sýningu,“ bætir Linda við. „Jónína varði mörgum árum í að taka viðtölin sem saman mynda bókina, ýmist við konurnar sjálfar eða við afkomendur ef þær sjálfar voru fallnar frá.“

### KONUR ERU KONUM BESTAR


Bakgrunnur kvennanna var ólíkur að sögn Lindu en allar þurftu þær á því að halda að hafa þessa samheldni í samfélaginu, að vera til staðar hver fyrir aðra þegar erfiðleikar stöðjuðu að því annað öryggisnet var ekki til staðar þegar á bjátaði. Þetta endurspeglar sýningin.

Linda bætir því við að þó sýningin segi frá lífi og starfi kvenna á Eyrarbakka þá eigi allir að geta speglað sína eigin reynslu úr sínu eigin nærsamfélagi í sögum þessara kvenna. „Konur



hvarvetna á Íslandi stóðu frammi fyrir sömu áskorunum og konurnar á Eyrarbakka. Sumar urðu ekkjur, aðrar létu sig dreyma um menntun. Eina langaði að verða leikkona í höfuðstaðnum en það gekk ekki eftir svo hún svo hún varð í staðinn mjög virk í leikfélaginu í plássinu. Svona sögur finnur þú í hverjum stað á Íslandi.“

Fyrir bragðið verður sýningin Konurnar á Eyrarbakka, sem spannar í allt frásagnir frá 38 konum, raunsannur þverskurður úr daglegu lífi íslenskra kvenna á árunum 1930-1980, um það bil, og verður hún sneisafull af ýmsum gripum og munum sem tengjast á einhvern hátt sem tengjast lífi þessara kvenna á einn eða annan hátt.





# BLÁTT LAND LÚPÍNUNNAR

Það eru mjög skiptar skoðanir um Alaskalúpínuna á Íslandi sem þekur um 315 ferkílómetra, eða 0,3% af Íslandi. Alaskalúpína sem fyrst og fremst er notuð til landgræðslu, og litar landið blátt á þessum árstíma, en sumum finnst plantan bæði ágeng og óislensk í náttúrunni. Alaskalúpínan kemur hingað árið 1945, en Hákon Bjarnason þáverandi skógræktarstjóri safnaði fræjum við Collage-fjörð á vesturströnd Alaska og flutti til Íslands. Var lúpínan prófuð á ólíkum svæðum, við ólík skilyrði um allt land, sem gáfu góða raun. Síðan hefur lúpína verið ein af aðaltegundum Landgræðslunnar að græða upp landið. Kjörlendi lúpínu eru melar, áreyrar og mólendi. Hún er dugleg að koma sér á legg þar sem lítill gróður er fyrir og græðir þannig upp ógróin svæði en getur einnig dreift sér inn í gróin svæði og eytt úr þeim öllum öðrum gróðri. Alaskalúpína skilur eftir sig mjög næringarríkan jarðveg. Á sumum stöðum hörfar hún undan öðrum tegundum eftir fimmtán til tuttugu ár, en á öðrum viðheldur hún miklum þéttleika eftir langan tíma. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



## EYJA Á ÞURRU LANDI

Hjörleifshöfði á Mýrdalssandi, rétt austan við Vík í Mýrdal var eitt sinn eyja. Nú eru rúmir 2 km til sjávar, því þegar eldfjallið Katla gýs, sem er norðvestan við Hjörleifshöfða, bera Kötluhlauð með sér gifurlegt magn af sandi og aur úr Mýrdalsjökli, niður sandana, sem veldur þessum miklu landbreytingum sem hafa orðið á svæðinu. Síðast þegar Katla gaus, árið 1918 varð til Kötlutangi sunnan við Hjörleifshöfða. Hefur hann nú verið syðsti oddi Íslands síðan. Áður var Dyrhólaey, rétt vestan við Vík syðsti punktur Íslands. Hjörleifshöfði er kenndur við Hjörleif Hróðmarsson, fósturbroður Ingólfs Arnarsonar fyrsta landnámsmannsins. Þeir urðu viðskila á leið sinni til Íslands, og Ingólfur hafði vetursetu í Ingólfshöfða, í Öræfasveit, undir Öræfajökli, meðan dvaldi Hjörleifur í Hjörleifshöfða. Um vorið drápu írskir þrælur Hjörleifs, hann og hans menn, en tóku konur og börn með sér og flúðu til Vestmannaeyja, sem sjást vel í vesturátt úr höfðanum. Ingólfur elti uppi þessa vestmenn, og drap þar. Hélt hann síðan áfram vestur og settist að í Reykjavík. Búið var í og við Hjörleifshöfða til ársins 1936.

# BYGGÐASAFNIÐ Í SKÓGUM

– Eitt helsta safn Íslendinga

Á Suðurlandi, nánar tiltekið um 150 km frá Reykjavík má finna Byggðasafnið í Skógum sem er staðsett nálægt hinum tignarlega Skógarfossi. Það mætti í raun kalla minjasafn menninga en þar má finna sögu Íslendinga skipta niður í þrjár byggingar eða þrjú söfn: byggðasafn, húsasafn og samgöngusafn. Þar sem má finna hina ýmsu muni sem hafa verið notaðar til fiskveiða, búskapar auk gripa frá víkingaöld.

## SJÁVARÚTVEGUR OG LANDBÚNAÐUR

Sá hluti sem viðkemur sjávarútveginum inniheldur mikið safn af munum sem varða sjávarútveg við suðurströnd Íslands. Sjávarútvegur á þessu svæði var óvenjulegur að því leyti að engar almennilegar hafnir voru við ströndina heldur þurftu svokallaðar brimlendingar að eiga sér stað. Djásn safnsins, áttæringurinn Pétursey er dæmi um fleytu sem sérstaklega var hönnuð til brimlendinga og var hún í notkun frá árinu 1855-1946.

Landbúnaðarhlutinn inniheldur tæki og áhöld sem notuð voru á bæjum í gamla tíma, reiðbúnað, tæki sem notuð voru við heyskap, mjólkur og ullarvinnslu, tóvinnutæki og annað slíkt. Mikið var lagt upp úr því að bændur væru sjálfbjarga ef tæki eða tól biluðu og því er þarna að finna sitt lítið að hverju sem að því lýtur.

## HÚSAKOSTUR OG TÆKI

Torfbæ er að finna á safninu og innan veggja hans má finna hlóðaeldhús, badstofu, fjós og annað sem gerir fólki kleift að að ímynda sér bæði andrúmsloft og lífsskilyrði Íslendinga á sínum tíma. Einnig er hægt að virða fyrir sér bæði sveitaskóla og kirkju frá upphafi 20.aldar.

Á samgöngusafninu má meðal annars kynna þróun samgangna frá hestum til

bíla, sögu símans á Íslandi, upphaf rafmagnsnotkunar ásamt póstsamgöngum fyrir á tímum. Einnig má þar finna sjaldgæfan mola, Kégresse P15N, einn best varðveitta snjóbil síns tíma í heiminum.

## ÞÓRÐUR TÓMASSON

Heiðursmaðurinn Þórður Tómasson, safnvörður til margra ára, lést árið 2022. Hann átti veg og vanda af velferð safnsins allt frá upphafi. Sem ungur maður var hann ákaflega hrifinn af þjóðlegum munum og tók það gjarnan til handagagns það sem aðrir losuðu sig við. Honum leist ekki sem best á hversu nýjungagjarnir bændur áttu það til að vera þegar vinnuhættir nútímavæddust. Þórður safnaði einnig sögum og skrifaði niður munnmæli og sagnir sér eldri manna og hafði gaman af. Úr því skrifaði hann alls 28 bækur þar sem við bættust sagnirnar, þjóðhættir og vinnulag ára áður. Árið 1997 var honum veitt gráða heiðursdoktors frá Háskóla Íslands vegna áhuga síns og elju þegar kom að íslenskri menningu.

Þórður, sem varð 100 ára í apríl 2021 var einn þriggja manna sem voru valdir til að safna gripum fyrir safnið – en ákveðið hafði verið að þjóðarsafni skyldi upp komið og var það árið 1945. Safnið sjálft var opnað fjórum árum síðar og var þá staðsett í kjallara heimavistaskóla sem var þar nýreistur. Þórður starfaði sem safnvörður allt til ársins 2013 en hann lét af störfum 92 ára að aldri. Í tilefni aldar afmæli hans var efnt til samkomu í Skógasafni. Stjórnarformaður safnsins, Ingvar Pétur Guðbjörnsson færði Þórði vatnslitamálað heiðurskjal fyrir ævistarf hans í þágu safnsins og varðveislu íslenskrar þjóðmenningar.



Þórður var einnig heiðraður með fyrsta gullmerki Oddafélagsins auk heillaóska félagsmanna með þökk fyrir söfnun, varðveislu og miðlun menningarminja. Að auki flutti Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands Þórði heillakveðjur og þakkar fyrir hönd íslensku þjóðarinnar.





Hrútur á Þverá í Fnjóskadal

# ÆR, FÉ & MIKIÐ AF ULL

Það er hægt að halda því fram með sterkum rökum að sauðkindin hafi haldið lífi í íslensku þjóðinni fyrstu 1100 árin, og alveg fram yfir miðja síðustu öld. Hún gaf bæði mat og einstaka ull, sem hélt okkur hlýjum hér norður undir baug. Nú er svo komið í fyrsta skipti í Íslandssögunni að það býr fleira mannfólk á Íslandi en sauðfé. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands er 365.290 sauðfé á Íslandi í dag, meðan íbúar landsins eru 403.044 samkvæmt Þjóðskrá. Metfjöldi sauðfjárs frá upphafi byggðar var árið 1977, þegar 896.000 fjár var í landinu, meðan íbúatala landsins 222.658. Árið 1760, voru 357.000 kindur í landinu, íbúafjöldinn 43.716. manns. Ef sauðfé ætti vera í sama hlutfalli og þá, væru hér 3,5 milljónir sauðfjár í stað 365 þúsunda. Enda hafa venjur breyst; fyrir tveimur árum missti lambakjöt fyrsta sætið sem það kjötmeti sem Íslendingar neyta mest, eftir 1147 ár í fyrsta sætinu. Kjúklingur tók þá toppsætið, og í fyrra skaust svínið upp fyrir lambið. Breyttir tímar, þegar lambakjötið er í bronssætinu eftir yfir þúsund ár á toppnum. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Lítil nýfætt lamb, Hólum í Hornafirði



Lokastaðarétt í Dalsmýni, norður í Suður-Þingeyjarsýslu



Kelt sér í skafti á Hellisheiði, Norður-Múlasýslu



Hrútar á vetrarþeiri við Mývatn

Kirkjan á Hruna, byggð 1865, rétt fyrir utan Flúðir

# SUÐURLANDIÐ HEIMSÓTT

Flúðir er eina þorpíð í Hrunamannahreppi, íbúar í öllum hreppnum eru tæplega 900, en hann liggur í uppsveitum Árnessýslu á suðurlandi. Flúðir er mikill ferðamannabær. Þarna er stærsta tjaldsvæði landsins á bökkum Litlu-Laxár, tvær sundlaugar, mörg hótél, og óteljandi gróðurhús. Enda er mikill jarðvarmi á svæðinu. Líklega er engin sveit á landinu sem framleiðir meiri mjólk en í Hrunamannahreppi, enda er þarna einstaklega veðurgott og grösugt. Það eru um 100 km frá Reykjavík, hvort sem maður fer í gegnum Þjóðgarðinn á Þingvöllum eða eftir Þjóðvegi 1, um Selfoss. Stutt er frá Flúðum að Gullfossi, Laugarvatni, Þingvöllum, upp í Þjórsárdal. Flúðir er góður staður til að heimsækja hálendið og Heklu sem er í aðeins 45 mín fjarlægð frá Flúðum. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Stærsta tjaldsvæði á Íslandi er á bökkum Litlu-Laxár í miðjum Flúðum



Hjólað eftir ís, í veðurblíðunni á Flúðum



Fallegt og grösugt í Hrunamannahreppi



Hestur nýtur sumarblíðunnar við Hruna



Gamla laugin / Secret Lagoon á Flúðum, elsta laug landsins, byggð í Hverabólma á Flúðum 1891

Er ekki lengur NERMINE EL ANSARI  
No longer دَعَتْ مَل

FRISON 18

30. NÓVEMBER TIL 17. DESEMBER, 2023  
OPNUN 30. NÓVEMBER, 18:00 - 20:00

GRAND ROKK 2005  
SJÓNÞING COSMOS - COSMOBILE

BENDULIST - UNIVERSAL OFFICE - AND ADVENTURES - ART - CAKE FOR A CHANGE

MIAMI-CINÉ  
CINEMA LOUNGECAFÉ

&

FELAGSSKAPURINN  
FJALLKONAN  
A SEYÐISFIRÐI

FELAGSSKAPURINN FJALLKONAN HELUR SINA  
HÁLEST SAMKOMU Í SAMHANGI VÍÐ MINE-LINE

SUNNUDAGINN 3. AGÚST 2008

Í HÚSNÆÐI MINI-CINÉ FRÁ KL. 14-17

AUSTURVEGUR 15

TUNLIST, LEBULIST & SKOMPTI ATRÖNG

ÞÚ ERT SPARTALEGA VELKOMIN

LISTNÝNGAR, VÍSIKADEMIKAN GALDUR & UNDRÁVERK VÍSIKADEMIUNNAR

S.S. VALDASTRÓKTURMÓDEL, MIÐGÖRDEKALIKAN, ÖNÖVREIÐSTÓL UMÓDEL, FLUGÖRDEKALIKAN OG CO-ÞINKK MEINN

DR. VÍSI ARTISTÓTELES BJARNI H. ÞÓRARINSON ARTITEKT KANNAK, KENNIR OG KYNNIR MIÐGÖRDEKALIKAN

SJÁVER ÍSVÍS & VÍSIKADEMIÁ & SJÓNÞUNGA  
TRÖLLA-SJÓNÞING-TUNGU & SJÓNÞING JARÐAR NÚMER EITT  
Haldið á Bar & Galleri 46, Hverfisgötu 46 101 Rvk.

FRANKVÍÐI OG HÖLLENDUR SJÓNÞINGI, DR. VÍSI ARTISTÓTELES BJARNI H. ÞÓRARINSON, JARÐAR AF REYKJAVÍKSBORG  
MÖBÍLHÖNDAN, GÖLLENDUR BÍÐAR MAGNÚSSON, HVAZI SJÁKALÍKA, MAGNÚSSON, ÖNÖVREIÐSTÓL

CO/Þ MÁLVIÐSINDALEG BYLTING | ÖRDANA SMÍÐ Á BORDI BENDU-VÍSI

# ICELANDIC TIMES

## VIÐ TÖLUM FIMM TUNGUMÁL!

*Gefið út á ensku, kínversku, frönsku, þýsku og íslensku*

